

skoðun 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fyrirtækjaþjónusta





Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
79
COCA COLA, 33 CL
www.europris.is

FRÉTTABLAÐIÐ
Miðvikudagur
31. ágúst 2011
202. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001-2011
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011



**Þrjár plötur frá Eyþóri**
*Eyþór Ingi Gunnlaugsson hefur unnið við þrjár plötur á árinu og tvo söngleiki.*
**fólk** 34

**Ný doktorsritgerð í líf- og læknavísindum**
*Ristilkrampi mun algengari meðal ungs fólks á Íslandi en annars staðar á Vesturlöndum.*
**tímamót** 18



**Stjarnan meistari í gær**
*Stjörnustelpur tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn og enduðu einokun Valsliðsins.*
**sport** 30 & 31

**veðrið í dag**




**HLÝTT EN BLAUTT** Í dag verður fremur hæg S-læg átt og skýjað að mestu. Úrkoma í flestum landshlutum þó einna mest S-til. Hiti 12-20 stig hlýjast NA-til.
VEÐUR 4



**HÁTÍÐAHÖLD Á GRENSÁSVEGI** Múslimar um heim allan fögnuðu lokum föstumánaðarins Ramadan í gær með hátíðinni Eid al-Fitr. Í Menningarsetri múslima lögðust menn á bæn eins og hefðin segir til um, gáfu gjafir og tóku að lokum hraustlega til matar síns. **Sjá síðu 12** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Funda með ESA um frestun dómsmáls

**Árni Páll Árnason fundar með yfirstjórn ESA í næstu viku um Icesave. Reynt verður að fá frestun á málaferlum þangað til bú Landsbankans hefur verið gert upp. Ísland vísar í fyrri rökstuðning í svari til ESA sem sent verður í september.**

**UTANRÍKISMÁL** Íslendingar vísa til fyrri rökstuðnings varðandi Icesave í áliti sem sent verður ESA, eftirlitsstofnun EFTA. Taki stofnunin ekki tillit til röksemdanna fer málið fyrir dóm.

Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, heldur utan í næstu viku og fundar með yfirstjórn stofnunarinnar. Hann segir mikilvægt að koma sjónarmiðum Íslendinga á framfæri, ekki síst þar sem ný yfirstjórn hefur tekið við.

„Við teljum ekki að svör ESA hafi með einhverjum hætti rýrt gildi þeirra raka sem við höfum sett fram og munum einfaldlega fara yfir þetta,“ segir Árni Páll.

Árni Páll segir að skynsamlegt væri ef stofnunin fengist til að bíða með frekari ákvarðanir í málinu þar til bú Landsbankans hefur verið gert upp. Hvort það takist sé annað mál og þá bíði dómsmál.

> Ég á nú ekki von á því að við snúum þeim í stórum efnislegum þáttum utan dóms.
>
> **ÁRNI PÁLL ÁRNASON**
> EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA

„Ég á nú ekki von á því að við snúum þeim í stórum efnislegum þáttum utan dóms. Það eru hins vegar efnislegar forsendur fyrir því að bíða og sjá hvað kemur úr búinu og taka síðan ákvörðun hvernig með málið skuli fara.“

Óformlegar viðræður hafa átt sér stað við Breta og Hollendinga um þá leið, en Árni Páll segir engar formlegar viðræður hafa átt sér stað, enda sé málið á forræði ESA.

„Við sjáum hins vegar enga ástæðu til þess að þetta þurfi að vera stór ásteytingarsteinn við Breta og Hollendinga. Við erum hins vegar alltaf til viðtals um það við þá að fresta málinu fyrir stofnuninni og skoða það að öðru leyti þegar niðurstöður úr búslitum liggja fyrir.“

- kóp

**Svar í september**

ESA sendi íslenskum stjórnvöldum áminningarbréf 26. maí og lýsti því að Ísland væri skuldbundið til greiðslu á lágmarkstryggingum á Icesave-reikningunum, 20 þúsund evrum. Stjórnvöld hafa frest til 10. september til svara. Taki stofnunin röksemdirnar ekki til greina fer málið fyrir dóm.

Nýjar tölur um mannfall:

## 50 þúsund sögð fallin í Líbíu

**LÍBÍA** Að minnsta kosti 50 þúsund manns, hermenn jafnt sem óbreyttir borgarar, hafa látið lífið í átökunum í Líbíu síðustu sex mánuði. Þetta kom fram í viðtali bandarísku fréttastöðvarinnar CNN við herforingja uppreisnarmanna í Líbíu.

Blóðbaðinu í landinu er ekki lokið, en uppreisnarmenn kröfðust þess í gær að hermenn hliðhollir Gaddafí, fyrrverandi leiðtoga landsins, gæfust upp þegar í stað.

- bj / sjá síðu 6

PRÓFAÐU DOHOP LEITARVÉLINA Á VÍSI
Flug og gisting, öll hagstæðustu tilboðin á einum stað.
Frá
Reykjavík
Til
Brottför
01.09.11
Til Baka
08.09.11

dohop vísir
Meiri Vísir.

Tryggðu þér áskrift!
DAGSKRÁ 2011–2012
fylgir blaðinu í dag
Netsala á salurinn.is eða í miðasölu virka daga kl. 14–18


SALURINN
- hljómar vel
SALURINN.IS



Skólaostur í sneiðum og 1 kg stykkjum á tilboði


ms.is

## SPURNING DAGSINS



*Gunnar, tollið þið ekki í matartískunni?*

„Við gerum það ekki meðan við getum ekki flutt inn það sem ekki er hægt að framleiða á Íslandi.“

Gunnar Skúli Guðjónsson er framkvæmdastjóri Subway á Íslandi. Subway getur ekki lengur haft staðlaðar kjúklingabringur á matseðli sínum vegna kjötskorts á Íslandi og hárra tolla á innfluttu kjöti.

Forstjóri Bauhaus á Norðurlöndunum segir stöðugleika hafa náðst á Íslandi:

# Bauhaus íhugar að opna verslun

**VERSLUN** Þýska byggingavöruverslanakeðjan Bauhaus skoðar nú alvarlega að opna verslun á Íslandi. Fyrirtækið hugðist opna verslun hér á landi í lok árs 2008 en frestaði þeim áætlunum um ótiltekinn tíma þegar bankahrunið skall á.

„Við teljum að það sé að nást stöðugleiki aftur á Íslandi en það var forsenda þess að við skoðuðum opnun,“ segir Mads Jörgensen, forstjóri Bauhaus á Norðurlöndunum, og bætir við: „Þar sem við eigum byggingu sem er til reiðu fyrir starfsemi væri eðlilegt fyrir okkur að meta núna hvenær rétti tíminn sé til að opna.“




**BAUHAUS** Stórhýsi Bauhaus við Vesturlandsveg hefur að mestu staðið autt frá því að framkvæmdum við það lauk um mitt ár 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jörgensen heimsótti Ísland nýverið ásamt Kenn Pedersen, sölu- og markaðsstjóra Bauhaus á Norðurlöndunum. Komu þeir hingað í þeim erindagjörðum að meta stöðuna í hagkerfinu og hafa haft opnun til skoðunar síðan.

Þegar bankahrunið varð haustið 2008 hafði Bauhaus reist um 20 þúsund fermetra húsnæði undir Úlfarsfelli við Vesturlandsveg. Þá höfðu tugir starfsmanna verið ráðnir til fyrirtækisins en þeim var öllum sagt upp í kjölfar hrunsins. **- mþl**

Væntingavísitala Gallup:

# Væntingavísitalan lækkar

**EFNAHAGSMÁL** Væntingavísitala Gallup lækkaði í ágúst, þriðja mánuðinn í röð. Vísitalan lækkaði um 12 stig í mánuðinum og mælist nú 50,1 stig.

Vísitalan hefur ekki mælst lægri á þessu ári og er nú heilum 20 stigum lægri en hún var í ágúst í fyrra sem var hæsta gildi frá hruni.

Væntingavísitalan mælir væntingar neytenda um þróun efnahags- og atvinnumála. Gildi yfir 100 merkir að fleiri séu bjartsýnir en svartsýnir en gildi undir 100 merkir að fleiri séu svartsýnir. **- mþl**

Fólki í vandræðum fjölgar:

# Tæplega 26.000 eru í alvarlegum vanskilum

**EFNAHAGSMÁL** Tæplega tuttugu og sexþúsund einstaklingar eru í alvarlegum vanskilum hér á landi en þeim hefur fjölgað um tæp tíu prósent frá áramótum, samkvæmt tölum frá Creditinfo

25.518 einstaklingar voru í alvarlegum vanskilum um síðustu mánaðarmót, en það merkir að kröfur hafa verið í vanskilum í 90 til 180 daga, og oft hafa málin farið fyrir dóm.

Einstaklingum í slíkum skuldavandræðum hefur fjölgað jafnt og þétt frá árinu 2008, eða um tíuþúsund. Hlutfall einstaklinga í alvarlegum vanskilum er hæst á Reykjanesi en lægst á Norðvesturlandi. Fjölmargt ungt fólk er í alvarlegum vanskilum, níu prósent fólks á aldrinum 18 til 29 ára og fimmtán prósent fólks á aldrinum 30 til 39 ára. **- hh**

Kvótafrumvarpið skekur Eyjar:

# Jafnast á við Tyrkjaránið og eldgosið 1973

**STJÓRNMÁL Kvótafrumvarp ríkisstjórnarinnar, verði það að lögum, mun hafa meiri áhrif á samfélag Vestmannaeyja en nokkur annar atburður í sögunni, nema ef vera skyldu Tyrkjaránið 1627 og eldgosið 1973. Þetta segir í umsögn bæjarráðs Vestmannaeyja um frumvarpið.**

**Að mati ráðsins munu um hundrað manns, sem starfa við veiðar og vinnslu í Eyjum, missa vinnuna og með afleiddum störfum megi gera ráð fyrir að um tvö hundruð störf glatist. Forsendur á annað hundruð fjölskyldna fyrir búsetu þar muni bresta og því væri mikil fólksfækkun fyrirséð.** **- sh**

# Mikill áhugi á að fræðast um eldgosið

**Yfir sextán þúsund gestir hafa heimsótt gestastofu við bæinn Þorvaldseyri með myndum og minjum frá gosinu í Eyjafjallajökli í sumar. Mikill áhugi hjá ferðamönnum sem vilja vita sem mest um eldgosið og áhrif þess á bændur og búalið.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Meira en sextán þúsund ferðamenn hafa skoðað gestastofu með myndum og minjum frá eldgosinu í Eyjafjallajökli sem starfrækt hefur verið við bæinn Þorvaldseyri í sumar. Stofan var opnuð 14. apríl, ári eftir að gosið hófst.

Áhuginn á gosstofunni kemur Ólafi Eggertssyni, bónda á Þorvaldseyri, ekki á óvart. „Við vorum farin að skynja mikinn áhuga á því að fræðast um gosið og afleiðingar þess, sérstaklega hér þar sem gosið hafði mikil áhrif,“ segir Ólafur. „En þetta hefur gengið framar vonum og við erum mjög þakklát fyrir það.“



**ÓLAFUR EGGERTSSON**

Hann segir ferðamennina ánægða með að heimamenn sem upplifðu áhrif gossins á eigin skinni segi frá þeirra upplifun. Guðný A. Valberg, eiginkona Ólafs, hefur ásamt dætrum þeirra borið hitann og þungann af rekstri gestastofunnar, en Ólafur hefur einnig lýst upplifun sinni af gosinu fyrir ferðamönnum þegar vel stendur á.

Í gestastofunni má finna myndir og aðrar minjar úr gosinu, auk þess sem 20 mínútna heimildarmynd Sveins M. Sveinssonar um gosið er sýnd í bíósal með 60 sætum.

„Myndin er mjög vinsæl, margir kaupa hana og taka með sér heim,“ segir Ólafur. „Við skynjum það oft að fólk verður fyrir miklum áhrifum við að sjá hana, sumir taka þetta mjög inn á sig og skilja ekki hvernig við komumst í gegnum þetta.“



**ASKA** Jörðin á bænum Þorvaldseyri var þakin ösku eftir eldgosið í Eyjafjallajökli. Ferðamenn sem skoða gestastofu við bæinn geta tekið með sér ösku til minningar um heimsóknina. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Sumir taka þetta mjög inn á sig og skilja ekki hvernig við komumst í gegnum þetta.
>
> **ÓLAFUR EGGERTSSON**
> BÓNDI Á ÞORVALDSEYRI

Útlendingar eru í miklum meirihluta þeirra sem sækja gestastofuna heim, en Íslendingar sýna henni einnig talsverðan áhuga, segir Ólafur.

Stofan verður opin út september, og jafnvel eitthvað í október ef aðsókn verður nægilega mikil. Þá verður hægt að opna sérstaklega fyrir hópa. Gestastofan verður svo opnuð aftur næsta sumar.

Ólafur segir gestastofuna ágæta aukabúgrein. „Þetta er töluverð búbót, en við leggjum líka mikið á okkur til að halda þessu gangandi. En þetta var augljóslega gott tækifæri og engin ástæða til að láta það fram hjá sér fara. Auðvitað kostaði talsvert mikið að koma þessu í gang, en það hefur verið þess virði.“ **brjann@frettabladid.is**




**VEL SÓTT** Ferðamenn geta horft á heimildarmynd um gosið í Eyjafjallajökli í gestastofunni, og sumir verða fyrir miklum áhrifum af henni segir Ólafur Eggertsson, bóndi á Þorvaldseyri. MYND/ÓLAFUR EGGERTSSON

Iðnaðarráðherra með barni:

# Katrín gengur með tvíbura

**FÓLK Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra og eiginmaður hennar, Bjarni Bjarnason, eiga von á tvíburum. Katrín mun eiga um mánaðamótin febrúar/mars.**



**KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR**

**Katrín og Bjarni gengu í hjónaband í apríl. Fyrir eru aðrir tvíburar í fjölskyldu ráðherrans, því Katrín á sjálf tvíburabræður, Stefán og Lúðvík Júlíussyni.**

**Ætla má að Katrín muni taka sér frí frá ráðherrastörfum á fyrri hluta næsta árs. Nafna hennar, Katrín Jakobsdóttir, er nú í barneignarleyfi frá störfum menntamálaráðherra, en hún var fyrsti ráðherra Íslandssögunnar sem varð barnshafandi í embætti. Svandís Svavarsdóttir gegnir starfi hennar á meðan.** **- sh**

Norrænir ráðherrar funda:

# Ræddu eldgos og flugumferð

**SAMGÖNGUR** Samgönguráðherrar Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna ræddu hvernig bregðast megi við öskuskýjum frá eldgosum og stjórn flugumferðar í kringum þau á fundi í Reykjavík í gær.

Fundinn sátu samgönguráðherrar Íslands, Finnlands, Svíþjóðar, Eistlands, Litháen og Álandseyja, auk fulltrúa frá Danmörku, Noregi og Lettlandi, að því er fram kemur í tilkynningu.

Á fundinum var einnig rætt um aukna samvinnu um rannsóknir á umhverfisvænum samgöngum, og aukna áherslu á flutninga á sjó og með járnbrautum. **- bj**




Ung kona blindaðist af sól og ók á aðra konu á gangbraut í Borgarnesi:

# Dæmd fyrir manndráp af gáleysi

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Vesturlands hefur frestað ákvörðun um refsingu ungrar konu sem dæmd var fyrir manndráp af gáleysi.

Konan var ákærð fyrir að hafa laugardaginn 27. nóvember 2010 ekið bifreið yfir gangbraut í Borgarnesi án nægjanlegar aðgæslu og of hratt miðað við aðstæður þar sem útsýni var takmarkað vegna sólar sem var lágt á lofti og skein beint í augu hennar. Afleiðingarnar urðu þær að önnur kona sem gekk yfir gangbrautina varð fyrir bifreiðinni og hlaut við það mikla áverka, þar á meðal hryggbrot er leiddi til rofs á mænu. Konan lést nær samstundis.

Unga konan játaði brot sitt afdráttarlaust. Við mat á sök hennar hafði dómurinn í huga að við aksturinn þar sem slysið varð blindaðist hún vegna sólar sem skein beint í augu hennar. Þessar aðstæður hafi verið erfiðar fyrir ungu konuna, sem er óreyndur ökumaður. Auk þess er litið til þess að ákærða er ung að árum og með hreint sakavottorð. Unga konan var svipt ökurétti í sex mánuði frá birtingu dómsins. **- jss**



**BORGARNES** Í nóvember í fyrra lést kona eftir að hafa orðið fyrir bíl þegar hún var að ganga yfir gangbraut.

# Safnaðu þekkingu

## Námskeið í upphafi haustmisseris

**Skráningarfrestur er að öllu jöfnu viku áður en námskeið hefst**



### MENNING OG SJÁLFSRÆKT

Jarðfræði Reykjaness
**hefst 14. september**

Pétursborg – saga, tónlist og súrar gúrkur
**hefst 20. september**

Ljóð og þjóð
**hefst 21. september**

Samskipti foreldra og barna
**hefst 26. september**

Haltu báðum höndum um stýrið – Leið til léttara lífs
**hefst 26. september**

Bandamanna saga og tvær skáldsögur.
**þriðjudagskvöld hefst 27. september**
**miðvikudagsmorgnar hefst 28. september**
**fimmtudagskvöld hefst 29. september**

### NÁMSKEIÐ FYRIR STJÓRNENDUR

Viðbrögð stjórnenda og samfylgd í kjölfar áfalla í starfsmannahópum
**hefst 14. september**

Stjórnun fyrir nýja stjórnendur
**hefst 19. september**

Hrós, hvatning og jákvæð endurgjöf
**haldið 20. september**

Lögfræði: Grunnþekking fyrir stjórnendur
**hefst 20. september**

Ég, verkefnastjórinn
**haldið 24. september**

Starfsmannasamtöl og frammistöðumat
**hefst 27. september**

### TUNGUMÁL

Danska - þjálfun í talmáli á léttum nótum
**hefst 12. september**

Arabíska. Learning Arabic as a Second Language: Level I
**hefst 12. september**

Hagnýt sænska fyrir heilbrigðisstarfsfólk
**hefst 13. september**

Japanska fyrir byrjendur
**hefst 13. september**

Enska - hagnýt talþjálfun
**hefst 19. september**

Ítalska fyrir byrjendur
**hefst 20. september**

Spænska I
**hefst 20. september**

Kínverska fyrir byrjendur
**hefst 26. september**

### FJÁRMÁL OG REIKNINGSSKIL

Að telja rétt fram
**haldið 27. september**

Starfsemi bankastofnana
**hefst 28. september**

Excel - Veltitöflur (e. PivotTable)
**haldið 4. október**

### STARFSÞRÓUN OG HÆFNI

Markaðssetning í fasteignaviðskiptum
**hefst 22. september**

Facebook sem markaðstæki – grunnnámskeið
**hefst 26. september**

Listin að gera lista. Markviss forgangsröðun - leið til aukinna afkasta
**hefst 27. september**

### HUGBÚNAÐUR

Prófun hugbúnaðar (e. Software Testing Foundations)
**skráningarfrestur til 1. september**

Að ná tökum á þarfagreiningaferli hugbúnaðar
**skráningarfrestur til 1. september**

### UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ

Ný leið til að gera skemmtileg próf: Próftökuforritið Question Writer 4
**haldið 20. september**

### HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Vakandi athygli (gjörhygli) og innsæ íhugun
**hefst 20. september**

Næring og vökvajafnvægi
**haldið 23. september**

Gegn ofbeldi: Fræðsla til fagfólks um ofbeldi, viðtalstækni og viðbrögð
**haldið 28. september**

### VERK- OG TÆKNIFRÆÐI, ARKITEKTÚR OG UMHVERFI

Textasmíð á tæknisviði. Útboð, verkkaup, samningar og skýrslugerð
**hefst 15. september**




Allir sem hafa sótt námskeið hjá okkur síðastliðna 12 mánuði eru jákvæðir gagnvart Endurmenntun.*

*Samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar HÍ í febrúar 2011.

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444
endurmenntun.is

## GENGIÐ 30.08.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,80 | 114,34 |
| Sterlingspund | 185,74 | 186,64 |
| Evra | 163,81 | 164,73 |
| Dönsk króna | 21,984 | 22,112 |
| Norsk króna | 21,093 | 21,217 |
| Sænsk króna | 17,830 | 17,934 |
| Japanskt jen | 1,4813 | 1,4899 |
| SDR | 182,88 | 183,96 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
219,2295

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Dagleg átök stjórnarhers og mótmælenda í Sýrlandi við lok föstumánaðar:

# Þúsundir mótmæla í Damaskus

**SÝRLAND, AP** Þúsundir manna héldu út á götur Damaskus, höfuðborgar Sýrlands, að loknum morgunbænum í gær, sem var fyrsti dagurinn í lokahátíð föstumánaðar múslima.

Mótmælendur krefjast þess að Bashar Assad forseti og stjórn hans segi af sér. Öryggissveitir hafa bæði í gær og undanfarna daga gengið fram af mikilli hörku gegn mótmælendum og meðal annars skotið beint á fólk með þeim afleiðingum að í gær létu að minnsta kosti sjö manns lífið.

„Þeir geta skotið og drepið eins mikið og þeir vilja, við munum ekki hætta að krefjast stjórnarskipta,“ sagði mótmælandi í Daraa, héraði sunnan til í landinu þar sem mikill kraftur hefur verið í mótmælendum.

Uppreisnin gegn Assad hefur nú staðið yfir í fimm mánuði. Hún byrjaði hægt með hógværum kröfum um endurbætur á stjórnkerfi og mannréttindamálum í landinu í beinu framhaldi af mótmælabylgjunni sem farið hafði um lönd Norður-Afríku og arabaheimsins.

Sameinuðu þjóðirnar segja að aðgerðir stjórnarinnar hafi kostað meira en 2.200 manns lífið. - gb



**FORSETINN Á BÆN** Assad Sýrlandsforseti tók þátt í morgunbænum í gær við upphaf lokahátíðar föstumánaðar múslima. NORDICPHOTOS/AFP

Afkoma Eimskips batnar í ár:

# Hagnast um 1,2 milljarða króna

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Eimskips nam 10,7 milljónum evra, jafnvirði 1,2 milljarða króna, á fyrstu sex mánuðum ársins. Þetta er betri afkoma en á fyrri hluta síðasta árs en þá nam hagnaður 7,5 milljónum evra.

Afkoman fyrir fjármagnsliði og skatta var jákvæð um 3,8 milljarða króna í ár sem er fjögur hundruð milljónum meira en í fyrra. Haft er eftir forstjóranum Gylfa Sigfússyni í tilkynningu að reksturinn hafi gengið vel þrátt fyrir kostnaðarhækkun. - jab



**AFLAKLÆR** Hér sjást keppendur með metfiskana á kajanum í Grindavík. MYND/GRINDAVIK.IS

Íslandsmót í sjóstangveiði:

# Veiddu risafiska á sjóstangmóti í Grindavík

**FÓLK Sannkallaðir stórfiskar komu að landi á Íslandsmeistaramótinu í sjóstöng sem fór fram utan við Grindavík um helgina.**

**Á vef Grindavíkurbæjar kemur fram að met hafi fallið í stærð ufsa og löngu á sjóstöng og jafnvel einnig í þorski.**

**Ufsinn var 15,5 kíló og 1,13 metrar á lengd, langan var heil 30 kíló og 1,65 metrar og þorskurinn vó 21,5 kg og var 1,38 metrar á lengd. Heyrst hefur af stærri þorskum sem veiðst hafa á stöng, en það er óstaðfest. Þau Skarphéðinn Ásbjörnsson og Sigríður Rögnvaldsdóttir stóðu uppi sem Íslandsmeistarar í bátakeppni.** - þj

## SLYS

### Lét sig falla fram af þaki

Unglingspiltur slapp betur en á horfðist þegar hann lét sig detta nærri sjö metra niður af þaki félagsmiðstöðvarinnar Rósenborgar á Akureyri í gær. Pilturinn hélt sig vera læstan inni í húsinu og taldi þetta einu leiðina út. Hann var fluttur með sjúkrabíl á slysadeild en var ekki talinn alvarlega meiddur.

# Sátt við ferlið en ekki niðurstöðuna

**Forysta Vinstri grænna segir utanríkisráðherra hafa staðið rétt að stuðningi við aðgerðir Nató í Líbíu. Andstaða við aðgerðirnar var bókuð fyrirfram. Formaður flokksráðs segir samþykkt um rannsókn snúast um aðild að Nató.**

**STJÓRNMÁL** Katrín Jakobsdóttir, varaformaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og formaður flokksráðsins, segir samþykkt ráðsins um helgina fyrst og fremst snúast um veru Íslendinga í Nató.



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR



ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON

Líkt og komið hefur fram samþykkti flokksráðið ályktun þess efnis að rannsókn færi fram á aðdraganda þess að Ísland samþykkti stuðning við loftárásir Atlantshafsbandalagsins á Líbíu.

„Þetta snýst fyrst og fremst um að fara yfir veru okkar í Nató, en það liggur fyrir að við erum á móti henni, en einnig um ferlið í kringum þá aðild og það hvernig ákvarðanir eru teknar á þeim vettvangi,“ segir Katrín. Hún segir flest liggja fyrir varðandi aðdraganda stuðnings Íslendinga.

Árni Þór Sigurðsson, annar fulltrúa flokksins í utanríkismálanefnd Alþingis, tekur undir það. Hann segir engan vafa á að Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra hafi tekið ákvörðun á réttum forsendum. Andstaða Vinstri grænna hafi legið fyrir, en ráðherrann haft þinglegan meirihluta að baki sér.

Árni Þór segir að mögulega skorti upplýsingar um hvernig málið bar að.

„Við vorum bæði í ríkisstjórn og í þinginu sammála um að styðja stefnumótun Sameinuðu þjóðanna gagnvart stjórnvöldum í Líbíu.“ Árni Þór segir hins vegar að frá upphafi hafi flokkurinn verið á móti loftárásum Nató á landið.

„Það er hins vegar ekkert óljóst í þessu. Utanríkisráðherra ber stjórnskipulega ábyrgð á því að fastafulltrúi Íslands hjá Nató geri ekki athugasemd við loftárásirnar. Þá var hann búinn að kanna hug þingsins samkvæmt lögum og utanríkismálanefnd búin að fjalla um málið. Ákvörðunin hafði meirihlutastuðning á Alþingi.“

Árni Þór segir að þótt ferlið hafi verið rétt hafi flokkurinn verið ósammála niðurstöðunni. Össuri hafi verið ljóst að Vinstri græn gerðu athugasemdir, en hafi haft þinglegan meirihluta á bak við sig.

Spurður hvort andstaða Vinstri grænna gagnvart Nató þvælist fyrir þeim í ríkisstjórn minnir Árni Þór á að það sé ekki einsdæmi að flokkur á móti hernaðarbandalögum sitji í ríkisstjórn. Hins vegar megi velta því fyrir sér hvernig Ísland tekur afstöðu innan hernaðarbandalagsins á meðan það er þar.

kolbeinn@frettabladid.is



**ÓSAMMÁLA Í SAMBÚÐ** Vinstrihreyfingin – grænt framboð er á móti veru Íslands í Nató og lögðu þingmenn flokksins fram þingsályktunartillögu í maí um úrsögn úr bandalaginu. Samfylkingin vill Ísland áfram innan hernaðarbandalagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Átti 24 andlegar eiginkonur:

# Deyfður eftir hungurverkfall

**HOUSTON, AP Fangelsisyfirvöld í Texas hafa notað miklar lyfjagjafir á Warren Jeffs, leiðtoga sértrúarsafnaðarins Kirkju Jesú Krists og hinna síðari daga heilögu, eftir að hann neitaði að borða og drekka í marga daga. Hann situr í fangelsi ævilangt fyrir að hafa misnotað ungar stúlkur.**



WARREN JEFFS

**Maðurinn var dæmdur fyrr í mánuðinum eftir að DNA niðurstöður sönnuðu að hann hafði barnað 15 ára stúlku, eina af 24 „andlegum eiginkonum“ sínum.**

**Michelle Lyons, talskona fangelsisráðuneytisins í Texas, segir að Jeffs hafi nú verið fluttur á sjúkrahús, en honum er haldið sofandi. Þó er búist við því að hann nái sér.** - sv

Þýskur fjármálamaður:

# Vill norðurevru í stað evru

**ÞÝSKALAND** Lausnin á vanda evrunnar er norðurevra sem yrði nýr sameiginlegur gjaldmiðill Þýskalands, Finnlands, Austurríkis, Hollands og Belgíu. Þetta er mat eins af þungavigtarmönnunum í viðskiptalífi Þýskalands, Hans-Olafs Henkel.

Í umræðugrein í Financial Times skrifar Henkel að hann sé ekki jafn jákvæður gagnvart evrunni og áður. Stjórnmálamenn hafi samþykkt aðild landa að myntbandalaginu þótt þau hafi ekki uppfyllt efnahagslegar kröfur. Sameiginleg vaxtastefna henti ekki öllum auk þess sem bandalagið sundri frekar en sameini. - ibs


HÓPKAUP.IS Í DAG

TANNHVÍTUN HJÁ FALLEGT BROS

12.900 kr.

GILDIR 24 TÍMA

| Verð | Afsláttur | Afsláttur í kr. |
|---|---|---|
| 22.900 kr. | 44% | 10.000 kr. |

30 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið

PIPAR\TBWA • SÍA



Tannhvítun hjá Fallegt bros, tekið er mót af tönnum og smíðaður gómur eftir því, 4 túpur af tannhvítunarefni fylgja.

www.fallegtbros.is

HÓPKAUP
í krafti fjöldans

hópkaup.is


## VEÐURSPÁ



Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

**VÆTUSAMT** Ágætlega hlýtt en vætusamt næstu daga og vonandi að allt berjalyng fái nægju sína. Hvessir S-til á morgun og úrkoma með köflum en úrkomulítið NA-til. Á föstudag má gera ráð fyrir úrkomu A- og SA-til. Hiti Yfirleitt á bilinu 10 til 18 stig.




### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 24° |
| Berlín | 20° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 25° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 20° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 28° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 20° |
| París | 23° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*



Ótrúlegt verð

# Nature's heilsurúmin
## komin aftur í öllum stærðum



Gegnheilar viðarlappir

Sterkur botn

## Nature's Rest

*Dýna, botn og lappir:*

90x200 cm kr. 65.900,-
100x200 cm kr. 69.900,-
120x200 cm kr. 75.900,-
140x200 cm kr. 79.900,-
160x200 cm kr. 99.900,-
180x200 cm kr. 109.900,-



Vandað 5 svæðaskipt pokagormakerfi



Sterkar kantstyrkingar



Mjúkt 100% bómullaráklæði



Heilsu- og hægindalag

## Nature's Comfort Pillowtop

*Dýna, botn og lappir:*

100x200 cm kr. 85.900,-
120x200 cm kr. 95.900,-
140x200 cm kr. 105.900,-
160x200 cm kr. 119.900,-
180x200 cm kr. 135.900,-



Gegnheilar viðarlappir

Sterkur botn



Vandað 5 svæðaskipt pokagormakerfi



Steyptar kantstyrkingar



Mjúkt 100% bómullaráklæði



Heilsu- og hægindalag

## Dorma handklæðin margir litir

**70x140cm kr. 1.390,-**
**50x100cm kr. 690,-**
**30x30cm kr. 129,-**
**Baðmotta kr. 1.290,-**



SÆNGURVERASETT
MIKIÐ ÚRVAL



3.900,-
Sængurverasett

ILMUR MÁNAÐARINS




25% AFSLÁTTUR

YANKEE CANDLE
*a passion for fragrance*
Yfir 40 ilmtegundir

## OPIÐ

Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 11-17

DORMA
– býður góða nótt

Úrval af ilmkertum frá:

YANKEE CANDLE
*a passion for fragrance*

**Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is**

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú tínt ber í sumar?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 30% |
| NEI | 70% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að rannsaka aðdraganda þess að íslensk stjórnvöld studdu árásir NATO í Líbíu?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Uppreisnarmenn vilja handtaka alla fjölskyldu Gaddafís og færa fyrir dómstól:

# Dóttir Gaddafís eignaðist barn

**LÍBÍA, AP** Dóttir Gaddafís hefur eignast barn í Alsír, en þangað fór hún ásamt móður sinni og tveimur bræðrum á mánudag. Talsmaður Alsírsstjórnar segir fjölskyldunni veitt hæli vegna þess að dóttirin var barnshafandi. Uppreisnarmenn í Líbíu segja óskiljanlegt að fjölskylda hafi fengið hæli í Alsír.

„Við erum staðráðnir í að handtaka og færa fyrir rétt alla Gaddafí-fjölskylduna, þar með Gaddafí sjálfan,“ segir Mahmoud Shammam, talsmaður uppreisnarmanna. Enn er ekkert vitað hvar Gaddafí er niðurkominn þótt ýmsar tilgátur hafi verið nefndar.



**UPPREISNARMAÐUR Í LÍBÍU** Á veggspjaldi er lýst eftir Múammar Gaddafí. NORDICPHOTOS/AFP

Roland Lavoie, talsmaður NATO, segir að bandalagið muni áfram styðja við uppreisnarmenn í Líbíu. Það verði gert meðan almenningur er enn í hættu, jafnvel þótt svæðið í kringum höfuðborgina Trípólí sé orðið „frjálst að mestu“, eins og hann orðaði það. Hann segir uppreisnarmenn eiga í viðræðum við stuðningsmenn Gaddafís í borginni Sirte, þar sem stjórnarherinn sýnir engin merki uppgjafar.

Mustafa Abdel Jalil, leiðtogi bráðabirgðastjórnar uppreisnarmanna, segir að þeim viðræðum verði ekki haldið áfram lengur en fram á laugardag, þegar lokahátíð föstumánaðar múslima lýkur. - gb

Ökufantar teknir í umferðinni:

# Dópuð móðir með barn í bíl

**LÖGREGLUMÁL** Kona á þrítugsaldri var nýverið stöðvuð við akstur á höfuðborgarsvæðinu. Hún var í annarlegu ástandi. Í fórum hennar fundust fíkniefni. Með í för var barnið hennar og var barnaverndaryfirvöldum gert viðvart. Móðirin var handtekin og flutt á lögreglustöð en hún hafði þegar verið svipt ökuleyfi.

Allmargir ökuþórar voru teknir fyrir hraðakstur um nýliðna helgi. Grófasta brotið framdi karl á sextugsaldri sem ók Suðurlandsveg á 155 kílómetra hraða. - jss


Nýir eigendur óskast!

Kynntu þér úrval notaðra bíla á www.askja.is

TILBOÐSBÍLL! Kr. 6.490.000



Toyota Land Cruiser GX 4x4
árg. 2008, ekinn 81 þús. km
3000cc, dísel, sjálfsk.
• Sóllúga
• Kastaragrind, húddhlíf
~~Verð kr. 6.890.000~~



Volkswagen Passat Highline
árg. 2005, ekinn 112 þús. km
2000cc, bensín, sjálfsk.
• 17" álfelgur
• Sóllúga, leðuráklæði
Verð kr. 2.190.000



Kia Sorento Ex Classic 4x4
árg. 2006, ekinn 73 þús. km
2500cc, dísel, sjálfsk.
• 17" álfelgur
• Loftkæling
Verð kr. 3.390.000

METANBÍLL!



Mercedes-Benz B-Class
árg. 2010, ekinn 8 þús. km
1800cc, NGT,* sjálfsk.
• Hlaðinn aukabúnaði
• Sparneytinn
* Metan/bensín
Verð kr. 4.690.000



Subaru Legacy 4x4
árg. 2007, ekinn 101 þús. km
2000cc, bensín, sjálfsk.
• Hlaðbakur (Station)
• Húddhlíf
Verð kr. 2.690.000



Toyota Corolla
árg. 2006, ekinn 116 þús. km
1400cc, bensín, beinsk.
• Rúmgóður
• Sparneytinn
Verð kr. 1.490.000



Honda Jazz
árg. 2008, ekinn 48 þús. km
1400cc, bensín, beinsk.
• Samlitur
• Sparneytinn
Verð kr. 1.850.000

Opið virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 12-16

ASKJA
Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík
Sími 590 2100 · askja.is




**Á VETTVANGI Í KAUPMANNAHÖFN** Lögreglan girti af svæðið þar sem sem skotárásin var gerð. NORDICPHOTOS/AFP

# Skotárás við mosku í Kaupmannahöfn

**Deilum tveggja hópa ungra manna lauk með því að einn tók upp byssu, myrti ungan mann og særði tvo aðra. Hinn látni hafði hlotið dóm fyrir morðtilraun.**

**DANMÖRK** Einn lést og tveir særðust í skotárás fyrir utan mosku í Kaupmannahöfn í gærmorgun.

Árásin var gerð strax að lokinni bænastund múslima, þegar fólk streymdi út á bílastæði fyrir utan mosku á Vesturbrú, í rólegu hverfi í Kaupmannahöfn.

Að sögn dönsku lögreglunnar upphófust einhvers konar deilur milli tveggja hópa úti á bílastæðinu fljótlega eftir að morgunbænastund lauk.

„Ég veit ekki hvort báðir hóparnir voru inni í moskunni,“ segir Lau Thrygesen, talsmaður lögreglunnar. „Deilurnar snerust upp í átök og síðan hófst skothríðin.“

Einn maður lét lífið, 24 ára gamall, en tveir særðust. Annar þeirra flúði af vettvangi á bíl sínum en fannst síðar á sjúkrahúsi í Malmö í Svíþjóð.

Síðdegis í gær hafði enginn verið handtekinn, en lögreglan sagðist leita að nokkrum grunuðum. Árásarmaðurinn er talinn vera um þrítugt, en hann flúði einnig af vettvangi á bifreið.

Danska lögreglan hefur staðfest að hinn myrti hafi árið 2005 sjálfur hlotið dóm fyrir morðtilraun. Hann fékk fimm ára fangelsisdóm fyrir hnífstungu á Kóngsins Nýjatorgi. Lögreglan segist þó ekki telja að það atvik hafi tengst atburðunum í gær.

Lögreglan telur að átökin hafi tengst einhvers konar uppgjöri sjoppueigenda í Kaupmannahöfn, en tengist hvorki átökum glæpagengja né trúardeilum af neinu tagi.

Kuran Qureshi, einn þeirra sem tóku þátt í bænastundinni, sagðist í viðtali við danska sjónvarpið hafa heyrt 15 til 20 skot þegar hann ók frá svæðinu með tíu ára gamlan son sinn. „Ég sá fólk, bæði konur og börn, beygja sig niður og fela sig á bak við bifreiðar. Þetta var afar óþægilegt.“

Eitt vitni segir við danska blaðið Politiken að það óhugnanlegasta við árásina hafi verið að árásarmaðurinn hafi haldið áfram að skjóta á hinn myrta þangað til öll skot voru búin í byssunni. Nærri þúsund manns voru saman komin í moskunni í gærmorgun að fagna föstulokum.

Menningarstofnun múslima var stofnuð af pakistönskum innflytjendum í Kaupmannahöfn árið 1970. Stofnunin starfrækir bæði mosku og trúarskóla við Ameríkuveg á Vesturbrú í Kaupmannahöfn, þar sem atburðirnir gerðust í gær.

gudsteinn@frettabladid.is

Seðlabankinn segir reglur um útreikning verðtryggðra lána í samræmi við lög:

# Breytir engu hvernig reiknað er

**EFNAHAGSMÁL** Reglur sem Seðlabanki Íslands hefur gefið út um hvernig standa skuli að útreikningum á verðtryggðum lánum eru í samræmi við lög, að því er fram kemur í bréfi bankans til umboðsmanns Alþingis.

Í bréfinu, sem undirritað er af Má Guðmundssyni seðlabankastjóra, er jafnframt bent á að engu breyti hvort verðtrygginu sé bætt við höfuðstól eða við afborganir af láninu.

Hagsmunasamtök heimilanna hafa kvartað til umboðsmanns Alþingis vegna útreikninga á verðtryggðum lánum. Samtökin benda á að í lögum um verðtryggingu sé talað um að bæta verðtryggingu á greiðslur af lánum, en í reglugerð útgefinni af Seðlabankanum sé talað um að leggja verðtrygginguna við höfuðstólinn.



**LÖGLEGT** Reglugerð Seðlabankans um útreikning verðtryggðra lána er í fullu samræmi við lög samkvæmt bréfi Más Guðmundssonar seðlabankastjóra til umboðsmanns Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samtökin hafa jafnframt haldið því fram að miklu muni fyrir lántakendur hvernig reiknað sé.

„Hvort sem farin er sú leið við framkvæmd verðtryggingar að verðbæta höfuðstól eða greiðslur verður efnisleg niðurstaða sú sama,“ segir í bréfi Seðlabankans.

Þar segir jafnframt að lög krefjist þess ekki að notað sé sama orðalag í reglugerðum og í lagagreinum leiði reglugerðir til efnislega sömu niðurstöðu og lögin boði. Því geti Seðlabankinn ekki séð að sjónarmiðum stjórnsýsluréttarins hafi verið brotin. - bj

www.volkswagen.is




Á Passat EcoFuel ekur þú um á íslenskri orku. EcoFuel tæknin nýtir metangas og þú getur sparað allt að 50% af eldsneytiskostnaði. Metanbílar eru umhverfisvænir og bera því engin aðflutningsgjöld. Hámarksdrægni er 880 km samanlagt á metangasi og bensíni. Með notkun metans á enginn $CO_2$ umframútblástur sér stað. Metanbílar fá ókeypis bílastæði í Reykjavík.

**Passat kostar aðeins frá**

**4.290.000 kr.**

Fæst einnig með hagkvæmum bensín- og dísilvélum

**Das Auto.**

HEKLA

**Reynslan er góð!**

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvert flúði fjölskylda einræðisherrans Múammars Gaddafí?*
2. *Hver heldur risaball á Ljósanótt í Reykjanesbæ á laugardag?*
3. *Hvernig kvikmynd vill bandaríski leikarinn Tom Cruise taka upp hér á landi?*

**SVÖR**

*1. Hún flúði til Alsírs. 2. Óli Geir Jónsson, þekktur sem Óli Geir. 3. Geimverumynd.*

Efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gekk vel að sögn Íslandsbanka:

# Telja endurreisnina hafa verið ódýra

**EFNAHAGSMÁL** Stjórnvöld geta með góðri samvisku fullyrt að aðlögun ríkisfjármála hafi gengið samkvæmt efnahagsáætlun þeirra og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Þetta er mat Greiningar Íslandsbanka á endurreisnaráætlun AGS og íslenskra stjórnvalda. Áætluninni lauk í síðustu viku. Ísland er hið fyrsta þeirra landa sem leituðu á náðist sjóðsins í kjölfar fjármálakreppunnar haustið 2008 til að ljúka áætluninni.

Greining Íslandsbanka bendir á að markmið stjórnvalda og AGS hafi í stórum dráttum náðst og gott betur. Áætlað sé að halli á ríkisfjármálum verði 3,0 prósent í stað 7,3 prósenta og endurreisn fjármálakerfisins sé langt komin. Þar af sé búið að endurskipuleggja sparisjóðakerfið þótt enn liggi ekki fyrir áætlun um framtíðarskipan þess.



**AGS Í SEÐLABANKANUM** Julie Kozack, yfirmaður sendinefndar AGS, á blaðamannafundi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslandsbanki bendir á að endurreisn bankanna hafi verið mun ódýrari en upphaflega hafi verið áætlað, auk þess sem einskiptisliðir á borð við hagnað af Avens-skuldabréfaviðskiptunum í fyrra hafi komið til. Ekki munu þó öll kurl enn komin til grafar enda má vænta að Icesave-málið fari fyrir dómstóla á haustdögum, að sögn greiningar Íslandsbanka. **- jab**

Afkoma Eyris dregst saman:

# Tapa eftir sölu á hlut í Össuri

**VIÐSKIPTI** Fjárfestingarfélagið Eyrir Invest tapaði 13,4 milljónum evra á fyrstu sex mánuðum ársins. Þetta jafngildir 2,2 milljörðum íslenskra króna. Á sama tíma fyrir ári nam hagnaður félagsins 3,3 milljónum evra.

Ráðgjafarfyrirtækið IFS Greining bendir á að afkomuna megi rekja til taps af sölu hlutabréfa í Össuri miðað við bókfærða stöðu hlutarins um áramótin. Eyrir seldi hlutinn í maí fyrir níu milljarða. Stærsta eign Eyris Invest er um 35% hlutur í Marel. **- jab**





**Aðalfundur Astma og ofnæmisfélagsins 2011.**

ao

Aðalfundur AO verður haldinn þriðjudaginn 13. september í SÍBS húsinu, Síðumúla 6, kl. 17.30.

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin.


# Tollar standa í vegi fyrir kjötinnflutningi

**Kjötskortur í verslunum virðist hafa verið viðvarandi vandamál í sumar. Erfitt hefur reynst að leysa vandann með innflutningi vegna hárra tolla á búvörur.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvers konar tollar takmarka innflutning á kjöti?

Fréttir af kjötskorti í verslunum hafa reglulega birst í fjölmiðlum í sumar. Í gær sagði Fréttablaðið svo frá veitingastöðum sem hafa þurft að taka rétti af matseðlum sínum vegna lítillar innlendrar framleiðslu og hárra tolla á innfluttu kjöti.

Nokkuð háir tollar eru lagðir á flestar landbúnaðarafurðir á Íslandi. Tollar valda því að verð á markaði hækkar sem er slæmt fyrir neytendur en gagnast framleiðendum. Ábati framleiðenda er þó minni en tap neytenda.

Í tilfelli kjöts og kjötvara bera þær tvenns konar tolla. Er þar um að ræða verðtoll sem er ákveðin prósenta af verði vörunnar og magntoll sem er föst upphæð sem leggst á hverja innflutta einingu.

Á kjöti og kjötvörum er verðtollurinn 18 prósent á vörur frá Evrópusambandinu (ESB) en 30 prósent á vörur frá öðrum svæðum. Magntollurinn er hins vegar ólíkur eftir vörum. Hæstur er hann á nautalundir frá landi utan ESB eða 1.462 krónur á kílóið. Til samanburðar leggst 510 króna magntollur á kíló af hökkuðu nautakjöti, 382 króna tollur á kílóið af lambalæri og 499 króna tollur á kíló af beinlausu, sneiddu kjúklingakjöti.

Auk verð- og magntolls leggst síðan vægt úrvinnslugjald á innfluttar vörur. Þá leggst vitaskuld virðisaukaskattur á innfluttar matvörur rétt eins og innlendar.

Með hinum almennu tollum á kjötvörur er þó ekki öll sagan sögð. Ísland gerðist árið 1995 aðili að GATT-samningnum svokallaða á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). GATT-samningurinn skuldbatt Ísland til að hleypa litlu magni búvara inn á innlendan markað með lægri tollum en almennt tíðkast. Markmiðið með þessum tollkvótum var að auka samkeppni á markaði með búvörur og stuðla þannig að lægra verði fyrir neytendur. Það markmið hefur hins vegar trauðla náðst.



**NAUTAKJÖT** Kjötskorturinn í sumar virðist hafa verið einna mestur þegar kemur að nautakjöti.

Fyrir það fyrsta hafa kvótar sem leyft hafa slíkan innflutning verið boðnir út til hæstbjóðanda sem gerir það að verkum að sá sparnaður sem af lágu tollunum hlýst rennur að stærstu leyti til hins opinbera.

Í öðru lagi var fyrirkomulagi þessara „lægri“ tolla breytt árið 2009. Lengst af voru þetta magntollar þar sem föst krónutala var lögð á hvert kíló. Árið 2009 breytti hins vegar Jón Bjarnason landbúnaðarráðherra fyrirkomulagi og eru þetta nú verðtollar. Við breytinguna hækkuðu tollarnir. Raunar svo mikið að í mörgum tilfellum er dýrara að flytja inn vörur á undanþágunni en vörur sem lagðir eru á almennir tollar.

Umboðsmaður Alþingis hefur að vísu gert athugasemd við heimild ráðherra til þessa gjörnings. Starfshópur fjögurra ráðuneyta skoðar nú hvernig bregðast skuli við áliti embættisins.

Utan GATT-undanþágunnar hefur í sumar verið opnað fyrir innflutning á nautakjöti á lækkuðum tollum. Rennur heimild til þess út 30. september en hefur verið í gildi frá 10. júní. Þessi heimild hefur þó verið gagnrýnd fyrir að gilda einungis í skamman tíma á þeim forsendum að ansi tímafrekt sé að fá leyfi fyrir innflutning og að uppfylla þau skilyrði sem um innflutning gilda.

**magnusl@frettabladid.is**


15% afsláttur

af öllum pakkningastærðum af Nicorette fruitmint




2 mg 210 stk.
**Nú kr. 4.278.-**

Tilboðið gildir til 20. september n.k.

SKIPHOLTS APÓTEK
Skipholti 50b - Sími 551 7234 - Opið mánudaga - föstudaga kl. 9-18



## DRÖG AÐ DEILISKIPULAGI NÝS LANDSPÍTALA

**Almennur kynningarfundur um drög að deiliskipulagi nýs Landspítala við Hringbraut fer fram í stofu 105 á Háskólatorgi kl. 17:30 í dag, miðvikudaginn 31. ágúst.**

Á fundinum munu forstjóri Landspítala, rektor Háskóla Íslands, fulltrúar hönnunarhópsins SPITALog formaður byggingarnefndar kynna verkefnið. Veggspjöld með uppdráttum og þrívíddarmyndum verða til sýnis og sérfræðingar á vegum verkefnisstjórnar NLSH svara spurningum gesta.

Opið hús verður 1.-6. september í Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg (gengið inn frá Egilsgötu) frá kl. 9-16.
Kynningarefni verður einnig aðgengilegt í þjónustuveri Reykjavíkurborgar á Höfðatorgi, á vef borgarinnar www.reykjavik.is og á verkefnavef NLSH; www.nyrlandspitali.is.

Ábendingar og athugasemdir vegna deiliskipulagsdraganna skal senda á netfangið skipulag@reykjavik.is fyrir 1. október 2011.

ATHYGLI

NÝR LANDSPÍTALI · LANDSPÍTALI · HÁSKÓLI ÍSLANDS · SPITAL · Reykjavíkurborg



Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt.

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011


Íslenskur umhverfisstjóri í Landskrona gagnrýnir nýja hugmynd sveitarfélagsins:

# Banna reykingar heima á vinnutíma

**SVÍÞJÓÐ** Nefnd um starfsmannamál í sveitarfélaginu Landskrona í Svíþjóð vill að starfsmönnum þess sem vinni heima verði bannað að reykja á vinnutíma eins og öðrum starfsmönnum sveitarfélagsins. Þetta finnst íslenskum umhverfisstjóra Landskrona, Högna Hanssyni, of langt gengið.

„Ég veit ekki með hvaða rétti atvinnurekandi getur bannað fólki að reykja heima eða á leið til og frá vinnu og annað slíkt. Þar að auki segja þeir þetta gert til að koma í veg fyrir óbeinar reykingar. Ég hef ekki trú á því að margir verði fyrir þeim þegar reykt er heima,“ segir Högni sem er reyndar þekktur í Svíþjóð fyrir baráttu fyrir umhverfisvernd á mörgum sviðum.



**HÖGNI HANSSON**

Högni tekur það fram að hann þekki vel til baráttunnar gegn reykingum. „Ég skrifaði fyrir þingmann fyrstu þingsályktunartillöguna um bann við reykingum á opinberum stöðum. Þetta var árið 1986. Hún var ekki samþykkt en árið 1993 voru sett slík lög.“

Að sögn Högna hafa í nokkrum sveitarfélögum verið settar reglur um bann við reykingum á vinnutíma opinberra starfsmanna sem starfa heima. „Mér vitanlega er þessu banni ekki fylgt eftir. Það er enginn sem veit hvort fólk reykir á vinnutíma eða ekki. Þá er þetta eins og hver önnur hræsni.“ **-ibs**

## FRÁ BYRJENDUM TIL SÉRFRÆÐINGA



Skráðu þig á póstlistann á **www.promennt.is** og þú gætir unnið **100.000 kr.** námskeið að eigin vali

**BOÐIÐ UPP Á FJARKENNSLU**

# Sérfræðinám

Haustönn 2011

## » MCITP Windows 2008 Server

MCITP námið undirbýr fyrir alþjóðlegar vottanir kerfisstjóra í Windows 2008 netstýrikerfum.

**MCITP Server Administrator 2008 og MCTS Exchange Server 2010.**

Námsbrautin skiptist í fjóra áfanga:

- Windows Server 2008 Active Directory (70-640)
- Windows Server 2008 Infrastructure Services (70-642)
- Windows Server 2008 Server Administrator. (70-646)
- Windows Exchange Server 2010 (70-662)

Þegar komið er út á vinnumarkaðinn er mikilvægt að hafa hagnýta reynslu af viðfangsefninu. Þátttakendum er því gefinn kostur á að takast á við þriggja daga lokaverkefni úr námsefni annarinnar.

**Boðið er upp á MCITP með og án Exchange 2010**
**MCITP** – Lengd 195 std. Verð kr. 299.000.-
**MCITP + Exchange 2010** – Lengd 250 std. Verð kr. 398.000.-

Innifalið er allt kennsluefni og ein próftaka úr hverjum áfanga.

## » MCITP – Enterprise Administrator on Windows Server 2008

Í beinu framhaldi af Server Administrator gráðunni vinsælu bjóðum við nú upp á undirbúningsnám fyrir Enterprise gráðuna. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi öðlast þekkingu og reynslu í rekstri á upplýsingakerfum og séu tilbúnir til að takast á við næstu skref. Farið er í hönnun á Active directory og network Infrastructure ásamt hönnun á Application Infrastructure. Einnig er kennd innleiðing og rekstur á Terminal Services og Internet Information Servivces í Windows Server 2008 umhverfi.

**Lengd 120 kennslustundir. Verð 249.000 kr.**
Innifalið er allt kennsluefni og tvær próftökur

## » .NET 4.0 Forritunarnám

Fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem alvöru forritarar bjóðum við nú upp á þessa nýju námsbraut í .Net 4.0 umhverfinu þar sem kennt er á nýjustu útgáfur af C# forritunarmálinu í Visual Studio 2010 Framework sem er það nýjasta frá Microsoft.

**Lengd: 130 std. Verð: 299.0000**
Innifalið er allt kennsluefni og tvær próftökur

**GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA**

## » Cisco Námskeið - CCNA

Cisco Certified Network Associate (CCNA) gráðan er talin ein sterkasta gráðan í upplýsingatækni sem völ er á.

Gráðan hentar þeim sem vilja verða sérfræðingar í uppbyggingu á nútíma tölvunetum og þeim tækjum sem notuð eru í samskiptum á nær- og víðnetum.

Námsbrautin er undirbúningur fyrir prófið 640-802 sem er CCNA prófið frá CISCO. Um er að ræða mjög gagnlegt og áhugavert nám sem gerir talsverðar kröfur til nemenda. Námið hentar jafnt þeim, sem hafa grunnþekkingu í tölvu- og netkerfum og langar að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði, sem og Microsoft tæknimönnum sem vilja útvíkka þekkingu sína á netkerfum.

**Lengd: 85 std Verð kr. 289.000,-**
Innifalið er allt kennsluefni og ein próftaka.

## » MCTS Sérfræðingur

Að loknu námi á þessari námsbraut eiga nemendur að vera tilbúnir til að taka að sér rekstur minni netkerfa. Þetta er einnig einn besti undirbúningurinn sem völ er á fyrir þá sem hyggjast síðar stefna á MCITP Server 2008 gráðuna.
Farið er yfir og kennt allt það helsta sem viðkemur tölvuviðgerðum (Comptia A+), uppsetningu og rekstri Small Business Server 2011 frá Microsoft ásamt nethögun (networking).

**Einnig er farið í uppsetningu, rekstur og stillingar á Windows 7 stýrikerfinu.**

Lengd 160 std. Verð 245.000.- allt kennsluefni innifalið

**Láttu þetta tækifæri ekki framhjá þér fara og skráðu þig strax!**



**Tölvuskólinn Isoft- Þekking verður PROMENNT**

Nýtt nafn á gömlum og traustum grunni. Þó ennþá sama kennitalan, sama frábæra fólkið, á sama staðnum og hér eru auðvitað áfram sömu flottu nemendurnir! **Nánar á promennt.is**

Microsoft Partner Silver Learning · CompTIA · Cisco Systems

**PROMENNT**

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • www.promennt.is

Listasafn Reykjavíkur
Reykjavík Art Museum

# Leit að listaverkum

Listasafn Reykjavíkur auglýsir eftir verkum Karenar Agnete Þórarinsson (1903–1992) listmálara vegna sýningar á Kjarvalsstöðum í janúar 2012.

Þeir sem kynnu að eiga verk eftir hana eru vinsamlega beðnir um að hafa samband við Unni Mjöll Leifsdóttur hjá Listasafni Reykjavíkur í síma 590-1200, eða í netfangið unnur.mjoll.leifsdottir@reykjavik.is.




FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
ÞAÐ ERU FLEIRI PARTÝ OG MEIRA FJÖR Á VÍSI
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
vísir





**SÓLEYJARTORG 2017** Lóð Nýs Landspítala verður vel tengd við stígakerfi Reykjavíkur og almenningssamgöngur. Áhersla verður lögð á að efla sjálfbæran samgöngumáta í nágrenni spítalans. MYND/NLSH

# Heildarkostnaður um 40 milljarðar króna

**Drög að deiliskipulagi nýs Landspítala verða kynnt í vikunni. Almenningur getur sent inn athugasemdir og ábendingar. Áætlaður kostnaður við framkvæmdir um 40 milljarðar. Vonir standa til að fyrsta áfanga verði lokið 2017.**

**FRAMKVÆMDIR** Drög að deiliskipulagi nýs Landspítala voru kynnt í gær. Vonir standa til að skipulagið öðlist gildi með vorinu. Drögin eru grundvölluð á tillögu hönnunarhópsins SPITAL, sem bar sigur úr býtum í hönnunarsamkeppninni árið 2010.

Gunnar Svavarsson, formaður byggingarnefndar nýs Landspítala, segir áætlaðan kostnað við bygginguna vera um 40 milljarða króna.

„Lífeyrissjóðirnir munu fjármagna þetta að fullu,“ segir Gunnar. „Ríkið eignast spítalann á 30 til 40 árum og kaupir þetta á hrakvirði til baka.“ Happdrætti Háskólans fjármagnar heilbrigðisvísindasvið Háskólans sem er um 10 prósent af heildinni, að sögn Gunnars. Það gerir á bilinu þrjá til fjóra milljarða króna.

Starfsemi Landspítalans fer nú fram á 17 stöðum í nærri 100 húsum. Ætlunin með nýja spítalanum er meðal annars að sameina alla bráðastarfsemi sem rekin er við Hringbraut og í Fossvogi. Nýja byggðin á að rísa að mestu á suðurhluta lóðarinnar og innihalda meðal annars meðferðar- og bráðakjarna, sjúkrahótel og húsnæði heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands.

> Lífeyrissjóðirnir fjármagna þetta að fullu. Ríkið eignast spítalann á 30 til 40 árum og kaupir þetta á hrakvirði til baka.
>
> GUNNAR SVAVARSSON
> FORMAÐUR BYGGINGARNEFNDAR

Deiliskipulagssvæðið er í heild um 15 hektarar og afmarkast af umferðargötum á alla vegu. Byggingarmagn á Landspítalalóðinni er nú ríflega 76 þúsund fermetrar og í fyrsta áfanga, sem á að vera lokið árið 2017, er miðað við 95 þúsund fermetra í nýbyggingum.

„Byggingar Landspítala eru gamlar og henta illa nútímalegum sjúkrahúsrekstri,“ er haft eftir Björn Zoëga í tilkynningu frá Landspítalanum. „Sameining á einn stað og sveigjanleiki nýbygginga í breytilegu umhverfi spítala í stöðugri framþróun mun stuðla að aukinni hagkvæmni í rekstri Landspítala.“

Á næstu dögum mun forkynning á drögum að deiliskipulagi standa yfir. Veggspjöld með uppdráttum og þrívíddarmyndum verða til sýnis í Háskóla Íslands og verða sérfræðingar á staðnum til að svara fyrirspurnum almennings. Einnig verða upplýsingar aðgengilegar á heimasíðunni www.nyrlandspitali.is og www.reykjavik.is frá 1. september til 1. október næstkomandi.

sunna@frettabladid.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011



Dr. Linda Darling-Hammond,
öndvegisfyrirlesari
Menntavísindasviðs,
flytur erindið:

MENNTUN OG KENNSLA Á 21. ÖLD
Teaching and Learning for the 21st Century

Dr. Linda Darling-Hammond er prófessor í menntavísindum við Stanford-háskóla og leiðandi í mótun menntastefnu núverandi stjórnvalda í Bandaríkjunum.

Fyrirlesturinn er í röð öndvegisfyrirlestra á aldarafmæli Háskóla Íslands og fer fram í Hátíðasal Háskóla Íslands, Aðalbyggingu, **fimmtudaginn 1. september nk. kl. 15.00.**

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

PIPAR\TBWA • SÍA • 112187

NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

# „Upplifðu Hyundai!“

## Gríptu tækifærið og fáðu rúmlega 730 lítra af bensíni með í kaupunum.*




Komdu og reynsluaktu nýjum Hyundai í dag!

NÝR OG GLÆSILEGUR HYUNDAI

**i20**

Verð frá: **2.590.000 kr.**

Eyðsla í blönduðum akstri 5,4 l / 100 km

**Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is**




**INNEIGN 170.000 kr.**

Við bjóðum nokkra Hyundai i20 með
170 þúsund króna inneign fyrir bensíni með N1 kortinu.

*Miðast við 170.000 kr. inneign á N1 korti og verð á bensíni hjá N1 30. sept. 2011.

ENNEMM / SÍA / NM47911



**INGVAR HELGASON og B&L** • Sævarhöfða 2, sími 525 8000

Múslimar á Íslandi fagna Eid al-Fitr



**KOMIÐ AÐ SNÆÐINGI** Þegar bænastund var lokið og búið að deila gjöfum til barnanna féllust menn í faðma. Nú var föstunni formlega lokið og komið að því að matast duglega.



**GJAFIR** Hefð er fyrir því að börn fái litlar gjafir á þessari merku hátíð.

# Fögnuðu föstulokum

**Hátíðin Eid al-Fitr var haldin í Menningarsetri múslima á Íslandi í gær, þar sem lokum föstumánaðarins helga, Ramadan, var fagnað. Á annað hundrað karla, kvenna og barna komu þar saman í gleði og þakklæti. *Gunnar V. Andrésson*, ljósmyndari Fréttablaðsins, tók meðfylgjandi myndir af hátíðarhöldunum.**



**BÍÐA AF SÉR BÆNIRNAR** Kvenþjóðin beið ásamt börnum í hliðarherbergi á meðan karlarnir lögðust á bæn.



**GEFA GJAFIR** Hér fær eitt barnanna gjöf úr hendi bænaprestsins Ahmads Taha Seddeeq.



**HÁTÍÐARSTUND** Gleði barnanna var fölskvalaus þegar þau tóku á móti gjöfunum.



**VEISLA** Eftir hátíðina var boðið upp á veitingar. Konurnar, sem áður höfðu þurft að bíða eftir mönnum sínum, voru fyrstar að kræsingunum.



Bratwurstpylsur
Kjúklinga-Bratwurstpylsur eru óreyktar og unnar úr sérvöldu gæðahráefni. Þær eru kryddaðar til með jurtum og kryddkornum svo úr verður bragð sem fær sælkera til að brosa framan í heiminn, halla sér aftur og njóta sumarsins sem aldrei fyrr.
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Holta
Holta
Holta
Holta
Grunnur að góðri máltíð
www.holta.is
Holta
KJÚKLINGUR

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvað þýðir samþykkt flokksráðs VG um rannsóknarnefnd vegna Líbíu í raun?

## Vantraust á flokksforystuna

Samþykkt flokksráðs Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um að skipuð verði sérstök rannsóknarnefnd til að fara yfir aðdraganda þess að Ísland studdi hernaðaraðgerðir Atlantshafsbandalagsins í Líbíu er veruleg tíðindi.

Hún er ekki fyrst og fremst til marks um ágreining á milli stjórnarflokkanna eins og haldið hefur verið fram. Það hefur legið fyrir frá upphafi þessa stjórnarsamstarfs að VG og Samfylkingin hafa ólíkar skoðanir á veru Íslands í NATO og á hernaðaraðgerðum, sem miða að því að hindra sturlaða einræðisherra í að drepa eigin þegna, eins og átti til dæmis við um aðgerðir NATO í Kosovo.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is


Sömuleiðis liggur fyrir, eins og Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra rakti hér í blaðinu í gær og forystumenn VG gera sjálfir í Fréttablaðinu í dag, að allt hið stjórnskipulega ferli sem leiddi til þess að fastafulltrúi Íslands hjá NATO studdi aðgerðir bandalagsins í Líbíu var uppi á borðinu. Þar þarf ekki að rannsaka neitt.

Það eina, sem er kannski ekki alveg skýrt í málinu, er framganga ráðherra VG og Árna Þórs Sigurðssonar, formanns utanríkismálanefndar. Í upphafi ályktuðu þeir sem fylgdust með ákvörðunum íslenzkra stjórnvalda að þetta fólk styddi aðgerðir gegn Gaddafí einræðisherra, vegna þess að bæði ríkisstjórnin og formaður utanríkismálanefndar höfðu lýst yfir stuðningi við ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1973. Orðalag ályktunarinnar fól klárlega í sér að hervaldi yrði beitt gegn Gaddafí. Stuðninginn við ályktunina töldu því margir stefnubreytingu af hálfu VG.

Eftir að fulltrúi Íslands hjá NATO hafði tekið þátt í ákvörðunum um aðgerðir NATO, hrökk VG aftur í gamla farið. Andstaða við loftárásir var ítrekuð – eftir á, þrátt fyrir að bæði ráðherrar og formaður utanríkismálanefndar hefðu mátt vita að unnið var að undirbúningi ákvörðunarinnar á vettvangi NATO.

Nú reyna forystumenn VG að skjóta sér á bak við það að meirihluti á þingi hafi verið fyrir ákvörðun utanríkisráðherrans. En gátu þeir, sem ráðherrar í ríkisstjórninni og áhrifamenn á þingi, ekki reynt að koma í veg fyrir að NATO tæki ákvörðun um „árásarstríð“, til dæmis með því að hóta stjórnarslitum ef Ísland beitti ekki neitunarvaldi gegn ákvörðuninni?

Þetta vilja flokksráðsmenn í VG vafalaust fá að vita. Ályktunin er fyrst og fremst yfirlýsing um vantraust á þeirra eigin forystu.

Hægt er að rifja upp ýmis dæmi úr sögu forvera VG, Alþýðubandalagsins, um að djúpstæður ágreiningur um utanríkismál var ekki látinn hindra stjórnarþátttöku flokksins. Að ályktunin um rannsókn á gjörðum forystumanna flokksins skyldi hafa verið samþykkt í flokksráði VG mótatkvæðalaust er til merkis um að þeim vaxi ásmegin í flokknum, sem vilja fremur standa fast á prinsippunum og láta sverfa til stáls þegar ágreiningur er um afstöðu til öryggis-, varnar- og alþjóðamála.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hvar eru okkar auðjöfrar?

Auðjöfrar heimsins keppast nú við að skora á ríkisstjórnir sínar að hækka á þá skatta. Þeir telja sig eiga nægt fé á milli handa og vilja leggja sitt af mörkum til uppbyggingar samfélagsins. Bandaríkin, Þýskaland, Frakkland og fleiri lönd virðast uppfull af auðjöfrum sem telja það skyldu sína að gefa meira til samneyslunnar. Ísland virðist hins vegar ekki svo heppið; þegar auðjöfrar þess tjá sig um skatta er það til að kvarta undan ánauð og hóta því að hlaupa með auð sinn í betra skattaskjól.



### Málskýru lögfræðingarnir

Löngum hefur það verið haft fyrir satt að lögfræðimál sé öðrum en innvígðum óskiljanlegt. Væntanlega verður breyting á því þegar ráðstefnu um málfar í lögfræði lýkur, en þar á að fjalla sérstaklega um hugtakið málskýrð. Sá galli er reyndar á gjöf Njarðar að það hugtak er ekki til, en reyndar er til skilgreining á því á skýru máli; nefnilega skýrt mál.

### Er Björn ósammála flokknum?

Björn Bjarnason hefur kallað tillögu flokksráðs Vinstri grænna um rannsókn á aðdraganda stuðnings við loftárásir Nató á Líbíu stórundarlega. Í því ljósi er rétt að rifja upp tillögu frá Bjarna Benediktssyni, formanni Sjálfstæðisflokksins, og fjórum þingmönnum hans á síðasta þingi. Þeir lögðu fram breytingartillögu við tillögu um rannsókn á aðdraganda stuðnings við Íraksstríðið. Í henni fólst að sjálfstæðismenn vildu rannsaka aðdraganda stuðnings við loftárásir á Líbíu. Ætli Birni hafi þótt það jafn stórundarlegt?



kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




# Sama bókin, sitthvor skatturinn


Menning



Kristján B. Jónasson
formaður Félags íslenskra bókaútgefenda


Í öllum löndum Evrópska efnahagssvæðisins, með tveimur undantekningum, eru prentaðar bækur í lægsta virðisaukaskattsþrepi eða undanþegnar virðisaukaskatti. Sömu sögu er að segja utan Evrópu. Bækur eru ýmist undanþegnar virðisaukaskatti eða skatturinn hafður í lægsta þrepi, jafnvel í sérstöku undanþáguþrepi. Á Íslandi er lagður 7% virðisaukaskattur á prentaðar bækur, sem er nálægt meðaltalsprósentu EES-landanna.

Röksemdirnar fyrir því að bækur séu seldar með lægri vskprósentu eru alls staðar þær sömu: Lág skattlagning á bækur og útgáfu stuðlar að upplýstri umræðu, fjölbreyttri og frjálsri tjáningu og styrkir málsamfélagið. Jafnvel þeir sem tala hundraðmilljónatungur á borð við spænsku og arabísku telja að móðurmáli sínu þrengt og því þurfi að greiða fyrir því að bækur á þessum málum séu ekki of dýrar.

Í flestum löndum heims er sama bókin þó skattlögð með tvennum hætti eftir því hvort hún er stafræn eða gefin út á pappír.

> Lág skattlagning á bækur og útgáfu stuðlar að upplýstri umræðu, fjölbreyttri og frjálsri tjáningu.

Svo er einnig hér. Íslenskir rafbókalesendur geta keypt bækur frá bandarískum netsölum án þess að greiða af þeim virðisaukaskatt. Kaupi þeir íslenskar bækur af íslenskum netsölum þurfa þeir hins vegar að greiða 25,5% virðisaukaskatt, hæstu virðisaukaskattprósentu í heimi. Það er ekki aðeins sanngjarnt í sjálfu sér að sama bókin beri sama skatt eftir því hvort hún er rafræn eða prentuð. Það er einnig í þágu þeirra markmiða sem lágur skattur á bækur á að ýta undir að náist: að tryggja að út komi sem flestar bækur og um sem flest efni þar sem eins margar skoðanir og hugsast getur eru viðraðar á móðurmálinu.

Í tvígang hefur verið lagt fram á Alþingi frumvarp til breytinga á lögum um virðisaukaskatt þar sem kveðið er á um það réttlætismál að prentaðar bækur og rafbækur skuli allar bera 7% virðisaukaskatt. Væri slíkt frumvarp samþykkt myndi Ísland skipa sér í röð þeirra fáu landa þar sem þetta sanngirnismál hefur náð fram að ganga.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hagsmunir okkar allra



Sjávarútvegsmál

Lilja Rafney Magnúsdóttir
formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar

Heildarendurskoðun á stjórn laga um fiskveiðar stendur nú yfir og hefur frumvarpið sem lagt var fram í vor verið í umsagnarferli. Nú mun sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd skila frá sér áliti ásamt umsögnunum til ráðherra en ekki kalla til umsagnaraðila á septemberþingi að ósk stjórnarandstöðunnar við þinglok í vor. Mikil gagnrýni hefur komið fram á frumvarpið af hálfu margra hagsmunaaðila og telja menn því helst til foráttu að framsal sé bannað og veðsetning aflaheimilda ekki leyfð og þar með sé komið í veg fyrir enn meiri hagræðingu í fækkun skipa og vinnslustöðva um landið, einnig að nýtingarsamningar séu til of skamms tíma þ.e. allt að 23 ár.

Frumvarpið er líka gagnrýnt á hinn kantinn fyrir að ganga alltof skammt í opnun á kerfinu og að það tryggi núverandi kvótahöfum áframhaldandi forgang og að úthlutun veiðiheimilda byggist ekki á jafnræði, atvinnufrelsi sé ekki nægjanlega tryggt og það hagræði sem felst í því að sjávarbyggðir liggi stutt frá gjöfulum fiskimiðum fái ekki að vaxa og dafna.

Nú er það stjórnvalda að leggja fram nýtt frumvarp í haust sem horfir ekki eingöngu til þeirra umsagna sem fyrir liggja heldur einnig til kröfu kjósenda í síðustu alþingiskosningum. Kjósendur kusu þá flokka sem eru við völd til að gera raunverulegar breytingar á kerfinu með eftirfarandi markmið að leiðarljósi:

a) Tryggja varanlegt eignarhald og fullt forræði þjóðarinnar yfir auðlindum hafsins.

b) Tryggja jafnræði við úthlutun aflaheimilda og verndun atvinnufrelsis.

c) Vernda fiskistofna og nýta þá með sjálfbærum og arðbærum hætti.

d) Við nýtingu fiskistofna verði tekið tillit til byggða og atvinnumála.

e) Stuðla að hagkvæmni og tryggja rekstrarskilyrði sjávarútvegsins til langs tíma.

> Nú er það stjórnvalda að leggja fram nýtt frumvarp í haust sem horfir ekki eingöngu til þeirra umsagna sem fyrir liggja heldur einnig til kröfu kjósenda í síðustu alþingiskosningum.

Tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá ríma vel við þessi markmið en þar segir m.a. „að enginn getur fengið auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja og að stjórnvöld geti á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almannagæða til tiltekins hóflegs tíma í senn en slíkt leyfi skuli veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiði aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum“.

Ég tel að þessar tilögur stjórnlagaráðs eigi sér mikinn hljómgrunn meðal þjóðarinnar og að fjármálastofnanir og allir hagsmunaaðilar verði að horfast í augu við að þeirra hagsmunir verða líka að taka mið af heildarhagsmunum þjóðarinnar, tryggja jafnræði, atvinnufrelsi, nýliðun og atvinnuöryggi íbúa sjávarbyggðanna. Sjávarútvegsfyrirtæki og fjármálafyrirtæki bera líka samfélagslega ábyrgð sem ekki má skjóta sér undan í skjóli hámarks hagræðingar innan greinarinnar. Það hefur orðið mikil byggðaröskun í landinu og atvinnumissir í skjóli hagræðingar innan sjávarútvegsins s.l. 20 ár og fjárfestingar í fyrirtækjum og innviðum sjávarbyggðanna nýtast ekki sem skyldi. Víða með tilheyrandi tapi fyrir viðkomandi samfélög og auknum stofnkostnaði í uppbyggingu annars staðar á móti.

Fjármálastofnanir sem treysta sér ekki til að lána sjávarútvegsfyrirtækjum eða íbúum sjávarbyggða nema með veði í óveiddum fiski í sjónum eru á rangri braut. Byggja verður útlánastarfsemi til sjávarútvegsfyrirtækja upp með sama hætti og til annarra viðskiptafyrirtækja sem eru fjármögnuð til langs tíma og hafa ekki auðlindir í eigu þjóðarinnar sem andlag veðsetningar.

Það hefur verið vakin athygli á því í fréttum nýlega af íslenskum fræðimanni að viðbrögð við gagnrýni Danske bank á íslenska fjármálakerfið fyrir hrun og gagnrýni á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi séu samsvarandi að mörgu leyti. Í báðum tilfellum fer af stað þéttriðið varnarnet sem hafi það að markmiði að bægja burt gagnrýni á stórgallað kerfi. Við vitum hvernig fór fyrir fjármálakerfi landsins og verðum að þora að taka opna og heiðarlega umræðu um kosti og galla núverandi kvótakerfis en ekki slá skjaldborg hræðsluáróðurs um kerfið. Framsal og veðsetning aflaheimilda hefur ekki skilað sjávarútvegi þeirri innri uppbyggingu sem reiknað var með eins og erfið skuldastaða greinarinnar sýnir. Því miður hefur dregið úr fjárfestingu innan greinarinnar vegna útstreymis fjármuna í óskyldan rekstur, áhættufjárfestingar og einkaneyslu. Hagsmunir þjóðarinnar, núverandi handhafa aflaheimilda og fjármálastofnana eiga að geta farið saman. Að því markmiði skulum við vinna og sleppa öllum heimsendaspám.

## AF NETINU

### Íslenski krónukúrinn

Nú þegar hausta tekur og inn um lúguna streyma tilboð um leiðina að granna mittinu, sléttum maga – vil ég minna á að áhrifaríkasta megrunin er alveg ókeypis.

Í kúrnum felst nefnilega sú staðreynd að hér í Krónulandi hækka verðbólga og vextir jafnt og þétt og því má gera ráð fyrir að afar lítill peningur sé eftir á hverju heimili til að kaupa mat. Nú ef einhver afgangur er, má reyna að skrapa saman fyrir íslenskri mjólkur- og kjötframleiðslu en verðinu á þeim nauðsynjavörum er tryggilega haldið uppi með sérstaklega háum verndartollum sem heldur þjóðinni alfarið frá öllu ofáti. Það gleymist gjarnan að höfum þegar niðurgreitt tvisvar sinnum meira til þessarar framleiðslu en nágrannar okkar í Evrópusambandinu gera fyrir sambærilega landbúnaðarframleiðslu. En allt skal í sölurnar lagt til að forðast fitudrauginn ógurlega.

http://blog.eyjan.is/bryndisisfold/
**Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir**

### Líbísk ástæða stjórnarslita

Ríkisstjórnarflokkarnir hvor um sig vígbúast ástæðum til að slíta stjórnarsamstarfinu. Líbía og NATO hentar Vinstri grænum ágætlega sem stjórnarslitamál. Jóhanna veit það og snýr málinu upp í það að annar stjórnarflokkurinn megi ekki skamma hinn opinberlega með ályktunum.

Sjálf hefur Jóhanna látið gamminn geysa um þingmenn Vinstri grænna og nefnt þá nöfnum úr dýraríkinu.

Báðir stjórnarflokkanna vita að þeir munu ekki mynda næstu ríkisstjórn. Þess vegna er beðið eftir vinki frá Bjarna Ben. formanni Sjálfstæðisflokksins.

http://pallvil.blog.is/
**Páll Vilhjálmsson**



# Opið bréf til landbúnaðarráðherra

Dýravernd

Velferð búfjár – starfshópur Samtaka lífrænna neytenda

Anna Lilja Valgeirsdóttir
Árni Stefán Árnason
Guðríður Ragnarsdóttir
Guðrún Garðarsdóttir
Halldóra Snorradóttir
Dr. Helga Ögmundardóttir
Linda Björk Kvaran
Linda Pétursdóttir
Oddný Anna Björnsdóttir
Dr. Ólafur R. Dýrmundsson
Óskar Halldór Valtýsson
Ragnheiður Gunnarsdóttir
Steinunn Friðgeirsdóttir

Hæstvirti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Jón Bjarnason.

Á undanförnum mánuðum hefur borið á mikilli fjölmiðlaumfjöllun um velferð eldisdýra. Þar hafa m.a. samtök um dýravelferð látið til sín taka og bent á að núgildandi reglugerðarákvæði heimili framleiðendum dýraafurða að halda eldisdýr við aðstæður sem eru ekki í samræmi við gildandi lög um dýravernd. Í lögunum er m.a. kveðið á um að dýrum skuli séð fyrir viðunandi vistarverum og þeim tryggt eðlilegt frelsi til hreyfingar samkvæmt viðurkenndri reynslu og þekkingu. Þessi skýru lagafyrirmæli er m.a. að finna í 3. gr. dýraverndarlaga nr. 15/1994. Upplýst hefur verið að þessu er ekki fylgt eftir í tilteknum greinum búfjárhalds, einkum þó í eggjaframleiðslu, alisvínarækt, loðskinnaframleiðslu (minka) og eggjaframleiðslu þar sem stuðst er við reglugerð um vistvæna landbúnaðarframleiðslu.

Samkvæmt íslenskum stjórnskipunarrétti hefur ráðherra sem æðsti handhafi framkvæmdarvalds það meginhlutverk að fylgja eftir landslögum, sbr. 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins nr. 33/1944. Þrátt fyrir ábendingar um verulega hnökra í málefnum sem lúta að dýravelferð hefur ekki verið brugðist við þeim nema að mjög takmörkuðu leyti. Margir mánuðir eru nú liðnir frá því að fyrsta ábendingin kom fram um þetta efni en hún fjallaði um aðbúnað og meðferð alisvína skv. aðbúnaðarreglugerð. Í framhaldi af þeirri ábendingu var reglugerðinni um alisvínarækt breytt. Ný reglugerð nr. 353/2011 er til bóta en þó ekki hnökralaus og má sem dæmi nefna að gotstíur þar sem gyltur eru hafðar með grísum voru einungis rýmkaðar lítillega eða um 30 cm á breiddina og 10 cm á lengdina eða úr 1,5x2,4 m í 1,8x2,5 m. Þá þykir orðalag 12. gr. reglugerðarinnar afar óljóst með tilliti til dýravelferðar en þar segir m.a. „Ennfremur er óheimilt að gelda grísi án deyfingar eldri en 7 daga gamla“. Spyrja má, er heimilt að gelda grísi án deyfingar yngri en 7 daga gamla? Skv. 15. gr. tillögu að nýjum dýravelferðarlögum verður fyrir það tekið, þau hafa hins vegar ekki tekið gildi og óvíst er hvort þetta bannákvæði verði samþykkt af Alþingi.

Í upphafi árs 2010 skoraði Dýralæknafélag Íslands á ráðherra að beita sér fyrir breytingu á reglugerð um loðskinnaframleiðslu svo samrýmdist dýravelferðarsjónarmiðum og til samræmis við dýraverndarlög. Í svari sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins frá 15. mars 2010 kemur fram að það sé eindreginn ásetningur ráðuneytisins að beita sér fyrir breytingum í þessum efnum. Nú 16 mánuðum síðar hafa engar breytingar verið framkvæmdar. Á meðan ekkert er að gert er dýrunum skv. núgildandi reglugerð búnar óviðunandi aðstæður þar sem innilokun við þröngar aðstæður veldur þeim mikilli áþján og langvarandi kvalræði. Að óbreyttu mun það ástand vara áfram en þessum dýrum er gert að þola hinar þrengstu aðstæður í allt að fjögur ár sem er sá tími sem bestu eldisdýrunum er leyft að lifa þar til þau eru aflífuð með útblæstri frá vinnuvélum. Því ber að fagna að sú deyðingaraðferð verður bönnuð, ef ný lög taka gildi, óvíst er þó hvort þau verða samþykkt óbreytt.

Eggjaframleiðsla skv. gildandi reglugerð er eitt umdeildasta búfjárhald á Íslandi í dag. Varphænur hafa rými sem samsvarar blaðstærðinni A4 og er í þessari framleiðslu á engan hátt komið til móts við eðlislægar þarfir fuglanna til hreyfingar auk þess sem þeir sjá aldrei dagsljós né geta andað að sér heilnæmu andrúmslofti.

Eggjaframleiðendur sem framleiða egg samkvæmt reglugerð um vottun vistvænnar landbúnaðarframleiðslu fá undanþágu frá ákvæði í henni sem kveður á um að varphænur skuli fá útivist. Engin haldbær rök eru fyrir því lengur að veita slíkar undanþágur skv. upplýsingum frá framleiðendum sem framleiða skv. vottuninni. Þrátt fyrir að ekkert sé því til fyrirstöðu lengur hafa framleiðendur ekki sýnt neitt frumkvæði í þá veru að breyta þessu til samræmis við gildandi reglugerð og bæta þannig aðbúnað varpfuglanna. Þá er eftirlit með þessari framleiðslu í algeru lágmarki skv. upplýsingum frá framleiðendunum sjálfum. Það eftirlit er á vegum Matvælastofnunar og viðkomandi búnaðarfélaga undir yfirstjórn sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

> Þá skorar hópurinn á ráðherra að leita til þeirra sem láta sig málefni dýraverndar og dýravelferðar varða í því skyni að afla sér sérfræðiþekkingar í sem víðustum skilningi.

Það er borgaraleg skylda hvers manns að standa vörð um dýrin og huga að velferð þeirra. Sérstaklega ber að huga að eldisdýrunum, mállausum og oft á tíðum málsvaralausum, sem í mörgum tilvikum er gengið svo hart í fénýtingarskyni að ýtrustu þolmörkum þeirra er ofboðið. Helsti tilgangur og markmið starfshóps Samtaka lífrænna neytenda – Velferð búfjár, er að bæta aðbúnað eldisdýra og jafnframt að hvetja almenning til að breyta neysluvenjum sínum í átt til sjálfbærrar nýtingar náttúru og dýralífs.

Með þessu bréfi óskar starfshópurinn, Velferð búfjár, eftir svörum frá ráðherra sem framkvæmdarvaldshafa skv. íslenskum stjórnlögum og æðsta hagsmunagæsluaðila íslensks búfjár. Þess er góðfúslega farið á leit að hann svari því hvernig og hvenær hann hyggst beita sér fyrir því að reglugerðarákvæðum sem kveða á um velferð dýra verði breytt í þá veru að þau samrýmist dýraverndarlögum. Hópurinn bendir á að þrátt fyrir að tillaga að nýjum dýravelferðarlögum geri ráð fyrir verulegum áherslubreytingum í átt að aukinni dýravelferð þá sé óviðunandi að láta dýrin þola meiri bið hvað varðar velferð þeirra enda með öllu óljóst hvaða meðferð hin nýja tillaga hlýtur hjá löggjafanum. Núgildandi reglugerðir eru ekki í samræmi við þau ákvæði sem kveða á um dýravelferð í gildandi lögum og því ber að breyta án frekari tafa að mati hópsins. Þá skorar hópurinn á ráðherra að leita til þeirra sem láta sig málefni dýraverndar og dýravelferðar varða í því skyni að afla sér sérfræðiþekkingar í sem víðustum skilningi. Þar telur starfshópurinn Velferð búfjár hjá Samtökum lífrænna neytenda sig hafa mikilvægu hlutverki að gegna.

SPARISJÓÐURINN
Dalvík

## Sparisjóður Svarfdæla – söluferli

Fyrirtækjaráðgjöf H.F. Verðbréfa hf. hefur til sölumeðferðar, fyrir hönd Bankasýslu ríkisins, 90% stofnfjárhlut ríkisins í Sparisjóði Svarfdæla.

### Um Sparisjóð Svarfdæla

Sparisjóður Svarfdæla hefur verið starfræktur í yfir 120 ár. Skrifstofa Sparisjóðs Svarfdæla og aðalafgreiðsla er í ráðhúsinu á Dalvík, en auk þess er rekin afgreiðsla í Hrísey. Alls starfa nú níu starfsmenn hjá sjóðnum. Sparisjóðurinn er eina fjármálafyrirtækið á Dalvík og því mikilvægur í fjölbreyttu atvinnulífi Dalvíkurbyggðar. Í sveitarfélaginu eru sterk fyrirtæki sem hafa skapað sér sérstöðu og er Dalvíkurhöfn stór og umsvifamikil fiski- og vöruhöfn.

Fjárhagslegri endurskipulagningu Sparisjóðs Svarfdæla lauk í desember 2010 og er stofnfé að henni lokinni 424,4 milljónir króna. Í kjölfar endurskipulagningarinnar varð ríkissjóður eigandi stofnfjár að nafnverði 382,0 milljónir króna eða 90% af heildarstofnfé. Á grundvelli laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins fer Bankasýslan með hlut ríkisins. Sparisjóður Svarfdæla hefur að undanförnu starfað á grundvelli undanþágu frá kröfu Fjármálaeftirlitsins um 16% eiginfjárhlutfall, en eiginfjárhlutfall sjóðsins skv. ársreikningi fyrir árið 2010 er 10,5%.

### Söluferlið

Frá og með mánudeginum 5. september n.k. geta áhugasamir fjárfestar nálgast samantekt um Sparisjóð Svarfdæla og önnur gögn vegna fyrirhugaðrar sölu hjá H.F. Verðbréfum hf. **Frestur til að skila inn óskuldbindandi tilboðum er til kl 12:00 mánudaginn 19. september n.k.** Tilboð skulu berast á sérstöku formi sem nálgast má hjá H.F. Verðbréfum hf.

Söluferlið er aðeins opið hæfum fjárfestum, sbr. 9. tölulið 43. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007. Auk þess þurfa fjárfestar að uppfylla tiltekin skilyrði sem gerð er grein fyrir í sölugögnum og lúta einkum að fjárhagslegum styrk og hæfi að öðru leyti til að fara með virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki.

Fjárfestum er frjálst að bjóða í allan eignarhlut seljanda og/eða hluta hans. Seljandi áskilur sér rétt til þess að breyta söluferlinu og/eða stöðva það án fyrirvara. Einnig áskilur seljandi sér rétt til að hafna öllum tilboðum.

Fjárfestar sem vilja taka þátt í söluferlinu geta haft samband við fyrirtækjaráðgjöf H.F. Verðbréfa hf. í síma 585 1700 eða sent tölvupóst á spsv@hfv.is.

H.F. VERÐBRÉF

BANKASÝSLA RÍKISINS

# Hvers vegna er ríkisstjórnin á móti framleiðslu kvikmynda?

Kvikmyndagerð

Björn B. Björnsson
kvikmyndagerðarmaður



Það klúður sem málefni Kvikmyndaskólans eru komin í einkenna alla aðkomu núverandi ríkisstjórnar að málefnum kvikmyndagerðar á Íslandi – en eru aðeins toppurinn á ísjakanum.

Ríkisstjórnin skar niður samningsbundin framlög til kvikmyndasjóða um rúm 35% í fjárlögum síðasta árs. Sá niðurskurður var margfalt meiri en til annarra listgreina – og hann stendur enn í fjárlögum þessa árs. Engin skýring hefur fengist á svo miklum niðurskurði í þessari einu grein.

Í kjölfar þessa létu kvikmyndaframleiðendur vinna skýrslu um öll fjármál greinarinnar þar sem fram kemur svart á hvítu að „sparnaður“ ríkisins af þessum niðurskurði er alls enginn. Þvert á móti tapar ríkið á þessum niðurskurði, 300 störf tapast og það dregur úr umsvifum og jákvæðum hliðaráhrifum kvikmyndagerðar t.d. á ferðaþjónustuna (Sjá producers.is).

Skýrslan sýnir að 2,6 milljarða framlag ríkisins til kvikmyndasjóða á fjögurra ára tímabili laðaði að sér innlent og erlent fjármagn svo hér var framleitt kvikmyndaefni fyrir 12 milljarða króna. Einungis launatengd gjöld af þessari starfsemi skiluðu ríkinu 2,5 milljörðum króna, svo hvert mannsbarn getur séð að fjárfesting ríkisins í kvikmyndasjóðum er skynsamleg.

Þegar skýrslunni var dreift á Alþingi las hana einn maður; Gunnar Bragi Sveinsson, formaður þingflokks Framsóknarflokksins. Hann sá auðvitað að í þessu er ekkert vit og flutti þegar tillögu um að horfið væri af þessari vitlausu braut. Tillagan hefur ekki enn hlotið afgreiðslu.

Spurningunni hvers vegna núverandi ríkisstjórn er í nöp við kvikmyndagerð er erfitt að svara. Það er ekki að sjá nein skynsamleg rök fyrir þessum niðurskurði. Einn félagi minn telur að ástæðan sé sú að Georg Bjarnfreðarson var í Næturvaktinni látinn vera félagi í Vinstri grænum og það hafi farið í taugarnar á einhverjum þar á bæ. Kannski er það rétt en varla er vit í að láta slíkan pirring verða til þess að eyðileggja atvinnuveg sem hefur gríðarlega framtíðarmöguleika.

> Spurningunni hvers vegna núverandi ríkisstjórn er í nöp við kvikmyndagerð er erfitt að svara. Það er ekki að sjá nein skynsamleg rök fyrir þessum niðurskurði.

Kvikmyndaframleiðsla skapar störf sem unga fólkið okkar hefur mikinn áhuga á. Störf við að framleiða íslenskar menningarafurðir, íslenskar sögur sagðar á tungumáli kvikmyndarinnar; tungumáli sem nær til fólks um alla veröldina. Markaður heimsins fyrir kvikmyndaafurðir er óseðjandi og á þann markað eigum við fullt erindi.

Ef rétt er að málum staðið, til dæmis með góðri menntun í faginu, getur kvikmyndaiðnaðurinn veitt þúsundum manna atvinnu og aflað verulegra gjaldeyristekna.

Er nema von að spurt sé?


MIÐASALA HEFST FIMMTUDAGINN 1. SEPTEMBER
PAUL YOUNG
HÖRPU 4. OKTÓBER
KL 20.00
Soul söngvarinn og eitís stjarnan Paul Young mun, ásamt hljómsveit, halda sannkallaða stórtónleika í Eldborgarsal Hörpu þann 4. október
Paul Young átti fjölmarga smelli sem komust inn á vinsældarlista og má þar meðal annars nefna:
EVERYTIME YOU GO AWAY • LIVING FOR THE LOVE OF THE COMMON PEOPLE • COME BACK AND STAY • WHERE EVER I LAY MY HAT (THAT'S MY HOME) • SENZA UNA DONNA • DON'T DREAM IT'S OVER
Mun hann að sjálfsögðu gleðja aðdáendur sína á hljómleikunum og flytja alla sína helstu smelli.
MIÐASALA: HARPA.IS • MIDI.IS OG Í SÍMA 528 50 50


MIÐASALA HEFST MÁNUDAGINN 5. SEPTEMBER
STEVE-O
THE ENTIRELY TOO MUCH INFORMATION TOUR
HÁSKÓLABÍÓ 9. NÓVEMBER
KL 21:00
Geggjaði Jackassgrínistinn Steve O mun heimsækja okkur Íslendinga í nóvember og vera með alveg brjálað uppistand í Háskólabíói.
THE ENTIRELY TOO MUCH INFORMATION TOUR er að mestu leyti uppistand, þar sem Steve O fer á kostum með sprenghlægilegar sögur sínar. Þeir sem þekkja Steve O vita að það er ekki langt í Jackassprellið og mun hann skella sér í einhver frábær áhættuatriði á sýningunni.
Steve O hefur ferðast um öll Bandaríkin, Evrópu og eins Ástralíu með sýninguna THE ENTIRELY TOO MUCH INFORMATION TOUR og hefur hún alls staðar slegið í gegn enda frábær skemmtun hér að ferð.
MIÐASALA MIDI.IS
Ath. 16 ára aldurstakmark

# tímamót

timamot@frettabladid.is



58 **OLGA GUÐRÚN ÁRNADÓTTIR** rithöfundur er fædd þennan dag árið 1953.

*„Mér finnst ekki nægileg virðing borin fyrir börnum, viðhorfum þeirra og þörfum.“*

AFMÆLI



**INGIBJÖRG STEFÁNSDÓTTIR** jógakennari er 39 ára.



**ÖRN ARNARSON** sundmaður er þrítugur.



**VERNHARÐUR LINNET** fjölmiðlamaður er 67 ára.



**JÓHANNES JÓNSSON,** kaupmaður og athafnamaður, er 71 árs.

## Merkisatburðir

1919 Fyrsta listsýning á Íslandi er opnuð almenningi í barnaskólanum í Reykjavík. 90 verk eftir 15 listamenn eru sýnd.

1919 Leikrita- og ljóðskáldið Jóhann Sigurjónsson deyr í Danmörku, 39 ára að aldri.

1955 Langt suðvestur í hafi, um 100 mílur úti af Reykjanesi, sjást borgarísjakar á reki.

1980 Á Fljótsdalshéraði finnst silfursjóður mikill, talinn frá landnámsöld.

1992 Stærsta og íburðarmesta skemmtiferðaskip, sem lagst hefur við bryggju í Reykjavík er bundið í Sundahöfn.

1994 Lengsta skák í sögu Íslands endar með jafntefli eftir 183 leiki. Hún er milli Jóhanns Hjartarsonar og Jóns Garðars Viðarssonar.

1997 Díana prinsessa af Wales og Dodi Al-Fayed deyja í bílslysi í París.

ÞETTA GERÐIST: 31. ÁGÚST 2006

## Ópið finnst eftir mikla leit



Málverkin Ópið og Madonna eftir norska snillinginn Edvard Munch komu í leitirnar þennan dag árið 2006 eftir að hafa verið týnd í tvö ár. Þau voru í sæmilegu ástandi, að sögn sérfræðinga.

Grímuklæddir byssumenn réðust inn í Munch-safnið í Ósló um hábjartan dag tveimur árum fyrr og rændu málverkunum. Síðan hafði ekkert til þeirra spurst, þrátt fyrir að þrír menn hafi verið dæmdir í tengslum við ránið. Höfuðpaurarnir gengu þó enn lausir. Óslóarborg hafði lofað sem samsvarar 22 milljónum íslenskra króna í fundarlaun.

Sérfræðingar Munch-safnsins gengu úr skugga um að málverkin væru ófölsuð og reyndist svo vera. Örlítil rifa var á öðru þeirra og jaðar á hinu hafði skemmst lítillega. Lögregla taldi meistaraverkin hafa verið í Noregi síðan þeim var rænt.



**VERÐANDI DOKTOR** Linda Björk hefur unnið mikið að verkefninu við stofuborðið heima og gleðst yfir að það skuli nú vera komið í eina bók. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

LINDA BJÖRK ÓLAFSDÓTTIR: VER DOKTORSRITGERÐ Í LÍF- OG LÆKNAVÍSINDUM

# Rannsóknin er orðin unglingur

„Ég byrjaði á rannsókninni 1995 þannig að hún er orðinn unglingur,“ segir Linda Björk Ólafsdóttir lyfjafræðingur um doktorsverkefni sitt sem hún ver í dag við Háskóla Íslands. Það fjallar um meltingarfærakvilla. Helstu niðurstöður þess sýna að ristilkrampi er mun algengari kvilli hér á landi meðal ungs fólks en annars staðar á Vesturlöndum, einkum meðal kvenna.

Linda Björk er lyfjafræðingur í grunninn þótt hún starfi ekki við þá grein heldur í eigin rekstri, óskyldum heilbrigðisgeiranum. Hún kveðst því hafa unnið að doktorsritgerðinni í hjáverkum, oftast á stofuborðinu heima og gleðst yfir því að hún skuli komin í eina bók. En hvað varð til þess að hún lagði í þessa vinnu?

„Þetta byrjaði þannig að kandídatsverkefni mitt í lyfjafræðinni var rannsókn á tíðni ristilkrampa meðal ungs fólks á Íslandi. Í framhaldinu setti ég upp stærri rannsókn, ásamt tveimur læknum og við keyrðum hana af stað 1996. Risastór spurningalisti var sendur út til 2.000 manns sem valdir voru af handahófi. Listinn fór til sama hóps tíu árum seinna og 800 manns svöruðu báðum listunum. Rannsóknin kemur inn á marga þætti en kvillarnir sem ég er að rannsaka skapa langvarandi verki og vanlíðan þó enginn deyi af þeim. Margt bendir til að þeir séu tengdir streitu,“ segir Linda Björk og bætir við að lítið sé um lyf sem virki á þessa sjúkdóma. „Besta ráðið er að auka þekkingu meðal fólks þannig að það læri inn á einkennin og breyti lífsstílnum,“ segir hún.

Þegar hafa birst greinar um niðurstöður rannsóknar Lindu Bjarkar og hún segir þær hafa vakið eftirtekt í alþjóðasamfélaginu. „Það eru í raun bara þrjár aðrar rannsóknir sem hafa verið birtar um svipað efni í heiminum á síðustu árum. Þetta er sú fjórða sem er svona víðtæk og hægt er að bera saman við þær.“

Andmælendur við vörnina í dag verða Lars Agréus, prófessor við Karolinska Institutet í Stokkhólmi, og dr. Guðjón Kristjánsson, sérfræðingur í meltingarlækningum og yfirlæknir við Speglunardeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Linda Björk segir Agréus þekktan á sínu sviði og hafa birt eina af þeim þremur rannsóknum sem hún getur borið sína saman við.

Að sjálfsögðu ætlar Linda Björk svo að gera sér dagamun þegar doktorsgráðan er í höfn. „Það verður veisla fyrir fjölskyldu og vini, alla sem hafa komið að þessu verki og fagna með mér þessum áfanga,“ segir hún og bætir við: „Þetta verður skemmtilegur dagur.“ gun@frettabladid.is




†

*Ástkær eiginkona mín og besti vinur, móðir, tengdamóðir, amma og systir,*

**Jóhanna M. Aðalsteinsdóttir**

Hjallahlíð 19b, Mosfellsbæ,

sem andaðist á heimili sínu þriðjudaginn 23. ágúst sl., verður jarðsungin föstudaginn 2. september frá Grafarvogskirkju kl. 15. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en bendum á Minningarsjóð Karitas í síma 551 5606 milli kl. 08.30 og 10.00 eða netfangið karitas@karitas.is.

**Björn Júlíusson**
**Unnur Björnsdóttir** **Ágúst Helgi Jóhannesson**
**Erla Björnsdóttir** **Guðmundur Þór Reynisson**
**Birna Björnsdóttir** **Sigursteinn Norðfjörð Kristjánsson**
**Anna Lilja Björnsdóttir** **Hallgrímur Jónas Ingvason**
**Sædís, Örvar, Tómas, Reynir Þór, Björn Emil, Jóhanna Iðunn.**
**Anna Björk Aðalsteinsdóttir, Lárus S. Aðalsteinsson**





†

**Magnús Róbert Ríkarðsson Owen**

flugstjóri.

Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð og hlýhug við andlát og minningarathöfn ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, sonar, bróður, mágs og frænda.

**Dorothy Butler Owen**
**Róbert Leó Magnússon Owen**
**John Magnusson Owen**
**Jacob Magnusson Owen**
**Magnus Liam Magnusson Owen**

**Ríkarður Owen** **Alda S. Björnsdóttir**
**Magni Ríkarðsson Owen**
**Guðrún Sólveig Ríkarðsdóttir**
**Sylvía Rós Ríkarðsdóttir Owen**
**Hildur Margrét Ríkarðsdóttir Owen**

**Hulda Cathinca Guðmundsdóttir** **Stefán H. Finnbogason**
**Jón Sigurður Magnússon**
**Marteinn Helgi Þorvaldsson**
**Elín Guðlaug Stefánsdóttir**
**Hanna Guðrún Stefánsdóttir**
**Stefán Huldar Stefánsson**
**og fjölskyldur þeirra.**





†

*Ástkær eiginmaður minn, fóstursonur, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Markússon**

fyrrverandi framkvæmdastjóri
Sléttuvegi 17, 103 Reykjavík,

f. 16. september 1929, sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 22. ágúst 2011, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 1. september kl. 13.00.

**Ingiríður (Inga) Árnadóttir**
**Guðríður Guðbrandsdóttir**
**Guðríður St. Sigurðardóttir**
**Guðbrandur Sigurðsson** **Rannveig Pálsdóttir**
**Einar Sigurðsson** **Elfa Lilja Gísladóttir**
**Antoníus Þ. Svavarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**





†

*Hugheilar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og styrk við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Gunnars Þórs Ólafssonar**

Eikjuvogi 13, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við Heimahlynningu og líknardeild Landspítalans í Kópavogi ásamt læknum og starfsfólki á 11 B fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Sigríður Haraldsdóttir**
**Birgir Þór Gunnarsson** **Ásta Karen Rafnsdóttir**
**Gerða Gunnarsdóttir** **Guðmundur Arnar Jónsson**
**Lára Guðrún Gunnarsdóttir**
**Gunnar Þór, Íris Ósk, Tara Sif, Arna Rán, Jón Gunnar og langafabörn.**



**Lególand** er til á fjórum stöðum í heiminum. Lególand í Billund í Danmörku er hið upprunalega og stærst. Þá er Lególand í Kaliforníu, Þýskalandi og Bretlandi. Til stendur að opna Lególand í Malasíu og Dubai.

# ;ALLT


FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512-5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512





**Flottir dömuskór úr leðri í úrvali,**

Teg: 1529
Stærðir: 36 - 40
Verð: 16.885

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugard. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

Misty skor Laugavegi 178
Vertu vinur


**Guðmundur Breiðdal tölvunarfræðingur og ævintýramaður hleypur á fjöll með appelsín í svarta myrkri**



# Næturbrölt á broddum

Ég vil meina að appelsín innihaldi efni sem geri manni gott. Það fer hárrétta leið ofan í mann ef maður er þyrstur og þreyttur eftir fjallgöngu. Þannig er gos ekki bara gos, en ætli ávaxtabragðið gerir ekki gæfumuninn,“ segir Guðmundur sem hleypur á Esju og önnur fjöll oft í mánuði og ávallt með tvo lítra af appelsíni sér til hressingar og til að þyngja sig á hlaupunum.


;FRAMHALD | 2


FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
< Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Eirberg



**Rafknúnir hægindastólar**
- Bak og skemill með fjarstýringu
- Upplyfting fyrir þá sem það kjósa

**Fjölbreytt úrval – Aukin þægindi**

Opið virka daga kl. 9 -18 og á laugardögum kl. 11-16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

**VINNUVÉLANÁMSKEIÐ**

Teoretyczny kurs na maszyny budowlane oraz dzwigi.

Kurs będzie prowadzony w jezyku polskim .Rozpoczecie09. 09 g.18.00



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Miejsce kursu Mjódd www.ovs.is
Zapisy pod nr.tel. 5881414 ,7728079 Robert

friendtex



FRIENDTEX Á ÍSLANDI

NÝJI LISTINN ER VÆNTANLEGUR Á FÖSTUDAG

kíkið á friendtex.is

PANTAÐU LISTANN Á FRIENDTEX.IS VIÐ SENDUM ÞÉR HANN FRÍTT HEIM

pantaðu friendtex party og þú gætir unnið fataútekt

Kíktu á Soo.dk

Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is



SPORT 2
ENSKI BOLTINN STÆRRI EN ALLT TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT
Síminn ICELANDAIR 1911 OPIN KERFI



**Nestið með í bílinn.** Í stað þess að stoppa í vegasjoppum á leið um landið er um að gera að breyta til og smyrja nesti áður en lagt er í hann. Þá er hægt að stoppa hvar sem er, setjast niður í fallegri laut og leggja svo endurnærður af stað á ný.

Haustvörurnar komnar. Útsölulok



BASLER

Skipholti 29b • S. 551 0770

ÍSLENSKT KISUNAMMI

Harðfisktöflur sem kisur elska

VINSÆL VARA




Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli

Framhald af forsíðu

Mér er umhugað um heilsuna og hreyfi mig mikið; hleyp, stunda kajakróður, vikulegt sjósund og fleira sem mér þykir auka lífsgæði og vellíðan. Ég er því afar tilkippilegur að prófa hlutina ef þeir vinna manni ekki tjón og fell oftast kylliflatur fyrir nýju sporti, sem er dálítið vont, en voða gott eftir á,“ segir Guðmundur brosmildur.

Hann segist hafa byrjað að hlaupa árið 2008 þegar hann var plataður til að sækja um í happdrættiskerfi New York-maraþonsins, þar sem fjórðungs líkur eru á að komast að.

„Þar var ég svo lukkulegur að fá þátttökurétt, en fram að því hafði ég aldrei skilið hvað aðrir sáu við hlaup og bara hlaupið eins og aðrir þegar þeir þurfa að taka til fótanna,“ segir Guðmundur sem síðan hefur tvisvar hlaupið New York-maraþon með góðum árangri, sem og Reykjavíkurmaraþon, en reyndar óundirbúinn með öllu á liðinni Menningarnótt. „Þá var árangurinn líka hálftíma verri en síðast, eins og ég átti skilið,“ segir Guðmundur.

Hann segist oftar en ekki fara á fjöll á nóttunni og þá helst í kolniðamyrkri.

„Það er ósköp þægilegt og stelur ekki tíma frá vinnu eða heimilislífi. Augun eru fljót að venjast myrkrinu og allt önnur upplifun að ganga á fjöll í dimmu undir tindrandi stjörnuhimni og norðurljósum. Mér þykir einna best að fara í frosti og fannfergi því þá er jú bjartara og fegurra um að litast,“ upplýsir Guðmundur sem verður aldrei hræddur á næturbrölti sínu, enda ávallt vel búinn og á broddum.

„Súrefnisupptakan veldur því að maður þarf mun minni svefn en ella og ég mæti galvaskur í vinnu að morgni eftir fjallgöngu. Svo er til eitthvað af svona fólki eins og mér, því fyrir kemur að ég mæti mönnum á fjöllum um nætur, enda freistandi að komast í óbyggðakyrrð og náttúruperlur í stuttu færi frá Reykjavík. Þar er ekkert sem truflar og maður heyrir í eigin hugsunum.“

Guðmundur stendur á fimmtugu og segist endalaust orkumikill. Honum bregður fyrir í kvikmyndinni Flags of our fathers, sem Clint Eastwood tók upp á Sandvík 2005.

„Ég hafði lengi verið aðdáandi Clints og gat ekki sleppt tækifærinu þegar ég sá auglýst eftir mannskap í myndina hans. Ég hringdi því, var mældur út og fékk hlutverk. Það var ógleymanlegt og eitt það skemmtilegasta sem ég hef gert í lífinu, þótt Clint hafi gefið lítið færi á sér og krafist vinnufriðar allan tímann.“

*thordis@frettabladid.is*



Guðmundur með appelsín og bandarískan hermannahjálm í ætt við þann sem hann bar í mynd Clints Eastwood. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> „Augun eru fljót að venjast myrkrinu og allt önnur upplifun að ganga á fjöll í sveitadimmu undir tindrandi stjörnuhimni og norðurljósum.“

DREKINN
WUSHU FÉLAG REYKJAVÍKUR
(KUNG-FU)



Taijiquan fyrir byrjendur
mánudaga, miðvikudaga kl. 18:15
og laugardaga kl. 9:15

Changquan fyrir byrjendur
mánudaga og miðvikudaga kl. 19:15

NÝTT!
Heilsu-qigong
(fyrir alla sem vilja bæta heilsuna)
mánudaga og miðvikudaga kl. 17:15

Fyrir alla hópa
Kung fu
Taiji
Qi gong
Kínversk hugræn teygja

HEILSUDREKINN : SKEIFAN 3J : SÍMI: 553 8282 : heilsudrekinn@heilsudrekinn.is : www.heilsudrekinn.is

ÞÍN LEIÐ – NÆSTA SKREF

Viltu ná markmiðum þínum?

Námskeið um framkvæmd markmiða sameinað gönguferðum í náttúrunni

Hefst 10. september

Nánari upplýsingar í síma 899 8588 og á heimasíðu
www.thinleid.is

12 volt díóðuljós

Eyða allt að 90% minni orku en halogen
Tilvalið fyrir sumarbústaði með sólarorku


12v 2,5w


12v 1,66w


12v 1,66w


12v 1,3w


12v 1,3w


12v 1,0w


12v 1,2w


12v 3,0w


12v 1,0w

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

NÝ SENDING -NÝJIR LITIR




UMA - SKEMMTILEG OG SPENNANDI NETVERSLUN

UMA



Vilhelm ljósmyndari Fréttablaðsins brá sér í Hlíðarrétt við Mývatn í fyrra.

## Réttafjör í sveitum

**Réttir eru hafnar í sveitum landsins með tilheyrandi ferðalögum og fjöri.**

Fyrstu stóru fjárréttir haustsins verða á laugardaginn, 3. september. Þær eru á sex stöðum norðanlands, meðal annars í Möðruvallarétt í Eyjafirði, Kleifnarétt í Fljótum í Skagafirði, Rugludalsrétt í Húnavatnssýslu og Miðfjarðarrétt í Vestur-Húnavatnssýslu. Þá verður fé rekið í Ljárskógarétt í Laxárdal í Dalasýslu.

Fyrsta stóðrétt haustsins er einnig fyrirhuguð á laugardaginn. Þá á að reka hross í Miðfjarðarrétt í Vestur-Húnavatnssýslu klukkan níu um morguninn, þannig að þeir sem að smöluninni standa þurfa að leggja af stað árla dags.

Margir þéttbýlisbúar og langt að komnir gestir njóta þess jafnan að fylgjast með þegar bændur landsins heimta búsmala sinn úr högum. Upplýsingar um réttir haustsins eru á bondi.is.



Sædís Guðmundsdóttir er framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Pennans, sem hefur allt til alls og gott betur þegar kemur að daglegum þörfum fyrirtækja. MYND/ANTON

# Þægindin í fyrirrúmi

**Skapaðu notalegt vinnuumhverfi með aðstoð Pennans. Penninn sér fyrir öllu sem viðkemur aðbúnaði, vinnutækjum og góðu atlæti á vinnustað.**

Starfsfólk Pennans þjónustar fyrirtæki, stór og smá, í daglegum rekstri sínum," segir Sædís Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Pennans.

„Þjónustan auðveldar fyrirtækjum tímafrekt umstang og sé þess óskað sækir þjónustufulltrúi fyrirtækið reglulega heim," segir Sædís um fyrirtækjasviðið, sem sér fyrir öllu sem prýða má góðan vinnustað með viðeigandi rekstrarvörum, húsgögnum, ritföngum og síðast en ekki síst ljúffengum kaffisopa.

„Um áramótin varð til nýtt fyrirtækjasvið þegar undir sama hatt fóru verslun Pennans í Hallarmúla, húsgagnadeildin og fyrirtækjaþjónustan, en sú breyting ætti að auðvelda viðskiptavinum enn frekar að fá allt sem viðkemur skrifstofunni á einum stað," upplýsir Sædís.

Þjónusta fyrirtækjasviðs nýtur mikilla vinsælda meðal stórra sem smærri fyrirtækja, en hana er unnt að sækja í gegnum sölumenn og viðskiptastjóra, vefsíðu, síma, verslun og sýningarsali í Hallarmúla og í Hafnarstræti á Akureyri.

„Við hlustum á viðskiptavininn, greinum þarfir hans og óskir og komum til móts við þær," segir Sædís um þjónustuna, sem nær um allt land. Reglulega fara sölumenn Pennans um landið á vegum fyrirtækjasviðs.

„Kostir fyrirtækjaþjónustu eru ótvíræðir og það sparar í senn dýrmætan tíma og fyrirhöfn þegar fulltrúi okkar kemur á staðinn til þjónustu reiðubúinn. Þá starfar hjá okkur innanhússarkitekt með víðtæka vöruþekkingu á húsgögnum og kemur í fyrirtæki til að teikna upp lausnir og veita þjónustu varðandi vöruval og fleira, þeim að kostnaðarlausu. Því er ómetanlegt að geta leitað til sérfræðinga á þessum sviðum sem öðrum," segir Sædís.

Fyrirtækjasvið Pennans er í stöðugri þróun og sífellt bætist við ný þjónusta og ríkulegt vöruúrval.

„Fyrir einstaklinga og heimili er rétt að taka fram að verslun Pennans í Hallarmúla er enn sama góða verslunin, opin öllum eins og alltaf hefur verið, og með frábært vöruúrval og þjónustu."



## HVETJANDI SÆLKERASOPI Á KAFFIBARNUM

**Það gerir** vinnudaginn bara skemmtilegri að geta skotist á kaffibar vinnustaðarins og valið úr eðaldrykkjum til að njóta yfir sögum með vinnufélögunum eða bara til innblásturs. Penninn býður fyrirtækjum að fá til sín kaffi- og vatnsvélar og leggur metnað í að bjóða aðeins bestu vélar og hráefni. Við val á vélbúnaði er horft til áralangs, samstarfs Pennans og Tes & Kaffis og að sjálfsögðu fylgir kennsla á kaffivélina með í kaupunum. Unnt er að fá fallegar einingar fyrir kaffivélarnar, og fylgihluti sem eru hluti af íslenskri húsgagnalínu Valdimars Harðarsonar.

## INNBLÁSINN AF GULLNA HLIÐINU

**Húsgagnaframleiðandinn Herman** Miller, sá næststærsti í heiminum, fékk svissneska iðnhönnuðinn Yves Béhar til að hanna fyrir sig Sayl-skrifstofustólinn. Stóllinn átti að vera afburða fallegur, sterkur, þægilegur og hannaður með fyrsta flokks vinnuvistfræði og virðingu fyrir náttúrunni að leiðarljósi. Behár varð innblásinn af lögmálum Golden Gate-brúarinnar í hönnuns stólsins. Rammalaust bakið veitir frelsi til liðlegra hreyfinga á meðan þétt net efnisins styður vel við bakið.



ALLT FYRIR SKRIFSTOFUNA Á EINUM STAÐ

Penninn býður **gríðarlega mikið** úrval af stórum og smáum **gæðavörum** fyrir **skrifstofuna** og jafnframt **frábæra þjónustu og ráðgjöf** varðandi **rekstrarvörur, húsgögn** og skipulag skrifstofunnar á einum og sama staðnum! Nýttu þér þægindin og pantaðu allt fyrir skrifstofuna á sama stað.




Shape frá Dauphin
Fullt verð 125.534 kr.
Tilboðsverð 99.950 kr.




SAYL frá HermanMiller
Fullt verð 119.900 kr.
Tilboðsverð 95.950 kr.



MedaPal frá Vitra
Fullt verð 125.785 kr.
Tilboðsverð 99.950 kr.

Tilboðsverð gilda til 15. september 2011

ENNEMM / SÍA / NM47700



**Hafðu samband við Fyrirtækjasvið Pennans í síma 540 2050 eða fyrirspurn@penninn.is.** Vertu jafnframt velkomin/n í verslanir okkar í Hallarmúla 2-4. Söluráðgjafar Pennans eru fyrirtækjum innanhandar með faglega ráðgjöf og persónulega þjónustu.

Penninn
Með þér í vinnunni

HRESSING
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA ÖLGERÐARINNAR




Kaffivélar - Vatnsvélar - Kæliskápar
Safa og djúsvélar - Sjálfsalar

Sími söludeildar 412 8100
www.hressing.is

# Allt á einum stað

**Hressing, fyrirtækjaþjónusta Ölgerðarinnar, sérhæfir sig í heildarlausnum í drykkjarvöru og snarli fyrir vinnustaði landsins.**

Við bjóðum fyrst og fremst upp á gott úrval drykkjarvöru; eins og kaffi, te, vatnsdrykki, gosdrykki, safa og þykkni. Einnig bjóðum við upp á mikið úrval af snarli. Hugmyndin er að vinnustaðir landsins finni á einum stað þá hressingu sem hentar hverjum og einum,“ segir Valur Ásberg Valsson, framkvæmdastjóri Hressingar.

Hressing varð til þegar Egill Skallagrímsson og heildsalan Danól sameinuðust í Ölgerðina árið 2007. „Við sameininguna skapaðist grundvöllur fyrir öfluga fyrirtækjaþjónustu með fjölbreyttu vöruúrvali,“ segir Valur en bætir við að gott vöruúrval dugi þó ekki til eitt og sér. „Við leggjum áherslu á að pöntunarferlið sé sem einfaldast og það er einlægt metnaðarmál okkar allra sem stöndum að Hressingu að halda þjónustustiginu háu.“ Valur útskýrir að fyrirtæki geti fengið heimsókn frá sölumanni eða hringingu frá þjónustuveri þegar ganga skal frá pöntun. „Eins nota mjög margir viðskiptavinir heimasíðuna www.hressing.is til að panta vörur. Það er bæði einfalt og fljótlegt.“

Hressing býður viðskiptavinum sínum upp á breiða línu af tækjum á borð við sjálfsala, kaffivélar, djús- og safavélar, vatnsvélar og kæliskápa. Það er svo í höndum þjónustudeildar Ölgerðarinnar að sjá um fyrir-byggjandi viðhald, uppsetningu tækja og áfyllingu.

Allir sjálfsalar sem Hressing setur upp eru einfaldir í notkun; hægt er að nota greiðslukort en einnig er mögulegt að nota farsíma sem eru þá tengdir við ákveðin debet- eða kreditkort. Nýjasta viðbótin í þjónustu Hressingar er svo að tengja sjálfsalana við starfsmannakort.

„Þá dregst úttektin af launum starfsmanns og kemur fram á launaseðli viðkomandi,“ útskýrir Valur.

Í dag skipta um þúsund viðskiptavinir við Hressingu í hverjum mánuði og segir Valur þar eiga í hlut afar fjölbreyttan hóp vinnustaða af öllum stærðum. „Við erum með eigin dreifingu á höfuðborgarsvæðinu, á Snæfellsnesi austur til Hvolsvallar og allt þar á milli og frá Hrútafirði austur til Húsavíkur. Í tilviki þeirra vinnustaða sem ekki eru innan þessa svæðis þá notum við þriðja aðila til að koma vörunni tímanlega og örugglega á áfangastað. Það eiga allir að geta nýtt sér þjónustu Hressingar.“



**Valur Ásberg Valsson, framkvæmdastjóri Hressingar, býður heildarlausnir í snarli og drykk fyrir allar stærðir fyrirtækja.** MYND/GVA

Bættu um betur!

**Hefur þú starfað við húsasmíði, bifvélavirkjun, bifreiðasmíði, bílamálun eða múraraiðn og vilt ljúka námi í greinunum?**

**Bættu um betur – Húsasmíði / Bifélavirkjun / Bifreiðasmíði / Bílamálun / Múraraiðn** er tilraunaverkefni sem miðar að því að meta færni sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið, óháð því hvernig hennar hefur verið aflað. Markmiðið er að þátttakendur í verkefninu ljúki sveinsprófi.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við **IÐUNA – fræðslusetur** í síma **590-6400** og fá frekari upplýsingar um verkefnið. Þar er einnig hægt að skrá sig á **kynningarfund sem verður haldinn þriðjudaginn 6. september kl. 17.00 að Skúlatúni 2, 6. hæð, 105 Reykjavík.**

**Nánari upplýsingar er að finna á www.idan.is. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið radgjof@idan.is.**

IÐAN fræðslusetur
FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS



Starfsfólk Iðunnar tekur vel á móti fróðleiksþyrstum starfsmönnum fyrirtækja.

# Fjárfest í menntun

**Iðan fræðslusetur býður nú í auknum mæli upp á fyrirtækjaþjónustu.**

Rannsóknir hafa sýnt að þeir vinnustaðir sem sinna endurmenntun starfsmanna eru eftirsóknarverðir og þar er starfsánægjan meiri. Hæfara starfsfólk skilar sér einnig í hagkvæmari rekstri,“ segir Hildur Elín Vignir, framkvæmdastjóri Iðunnar. Iðan er endurmenntunarfyrirtæki í iðnaði. Markmið hennar er að bæta hæfni fyrirtækja og starfsmanna í byggingariðnaði, bygginga- og mannvirkjaiðnaði, matvæla- og veitingageirum, málm- og véltækniiðnaði, upplýsinga- og fjölmiðlagreinum og hársnyrtiiðninni. „Það hefur verið hluti af stefnumótun Iðunnar og áherslum í okkar starfi að auka þátt fyrirtækjaþjónustu í okkar starfsemi,“ útskýrir Hildur Elín og heldur áfram: „Þessi hugmynd gengur út á að hjálpa fyrirtækjum að ná betur sínum markmiðum. Þjónusta okkar felst í að meta fræðsluþörf starfsmanna og styðja þá í að móta sína fræðslustefnu þannig að þær lausnir sem settar eru fram taki mið af þeim markmiðum sem hvert fyrirtæki setur sér.“

Iðan býður upp á ýmis hnitmiðuð námskeið sem henta önnum köfnum stjórnendum og fjalla um hvernig eigi að stjórna á árangursríkan hátt. En auk þess eru í boði 150 almenn fagtengd námskeið í námsvísi Iðunnar. „Þau getum við öll klæðskerasaumað fyrir hvert fyrirtæki fyrir sig,“ segir Hildur Elín. Hún segir áhuga fyrirtækja fyrir endurmenntun starfsmanna fara vaxandi. Mörg stór fyrirtæki hafi fræðsludeildir og sinni endur-menntun markvisst og vel. Hins vegar hafi minni fyrirtæki sem ekki hafi yfir að ráða starfsmanna- eða fræðslustjóra átt erfiðara með að standa að skipulögðu og markvissu fræðslustarfi. „Það er þetta gat sem við viljum stíga inn í og hjálpa fyrir-tækjum með,“ segir Hildur Elín.

Hún bendir að lokum á að hjá Iðunni starfi náms- og starfsráðgjafar sem bjóði upp á ókeypis viðtöl fyrir starfsfólk fyrirtækja með aðild að Iðunni. Þar geti fólk farið í starfsferilsgreiningu, mótað persónulega fræðslustefnu og farið í áhugasviðskönnun.

Nánari upplýsingar um starfsemi Iðunnar er að finna á idan.is.

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN
MEIRA SJÓNVARP
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
vísir

# Selecta býður fjölbreyttar lausnir

**Selecta er leiðandi á sviði fyrirtækjaþjónustu í Evrópu, stofnað í Sviss árið 1953. Í dag nota yfir 6 milljónir manna þjónustu Selecta daglega í 24 löndum.**


Selecta á íslandi er hluti af fyrirtækjaþjónustu Innnes ehf. sem er ein af stærstu matvöruheildverslunum landsins.

Selecta á Íslandi er í dag hluti af fyrirtækjaþjónustu Innnes ehf. sem er ein af stærstu matvöruheildverslunum landsins og fylgir ströngum gæðakröfum bæði hvað varðar þjónustu og vöruframboð. Fyrirtækjaþjónusta Innnes er í fararbroddi í sölu á fjölbreyttu úrvali matvöru fyrir mötuneyti, kaffihús, hótel, stofnanir og fleiru.

Selecta á Íslandi býður heildarlausnir í drykkjum fyrir vinnustaði sem henta nær öllum aðstæðum. Hvort sem um er að ræða móttökusvæði fyrir viðskiptavini, kaffi- og drykkjarstöðvar á vinnusvæði, afkastamikinn vélbúnað fyrir stór mötuneyti eða litlar vélar fyrir hárgreiðslustofur þá hefur Selecta lausnina.

Það fer eftir vinnustöðum hvaða lausnir henta. Boðið er upp á mjög breitt úrval í vélbúnaði og kaffitegundum fyrir vinnustaði. Allt frá rekstrarlega hagkvæmum lausnum að kaffihúsagæðum og allt þar á milli.

Auk þess býður Selecta mjög fjölbreytt úrval af tei, safa, gosdrykkjum og rekstrarvöru sem tilheyrir heitum drykkjum á vinnustað.

Hægt er að velja um nokkrar lausnir í hreinu og fersku vatni fyrir vinnustaðinn. Selecta á Íslandi býður kæla sem eru tengdir við vatnslögn og bjóða kælt og kolsýrt vatn. Auk þess er boðið upp á brúsakæla í 19 lítra vatnsbrúsum sem henta vel þar sem langt er í vatnslögn eða slæm vatnslögn er á vinnustað.

Selecta á Íslandi býður hágæðalausnir fyrir hótel, kaffi- og veitingahús. Fyrir afkastamikil kaffi- og veitingahús eru í boði fullkomnar greipavélar frá Ítalíu auk fylgihluta og kennslu fyrir starfsfólk til að tryggja rétta meðhöndlun og rétt gæði á kaffinu. Fyrir minni veitingahús og hótel er boðið upp á fjölbreytt úrval af vélum sem henta starfseminni. Með gæði kaffisins að leiðarljósi eru bæði í boði lausnir sem krefjast kunnáttu af hálfu notanda og auk þess einfaldari lausnir þar sem minni kunnáttu er krafist.

Á morgunverðarhlaðborðið er tilvalið að skoða heildarlausn frá Selecta sem innifelur sjálfsafgreiðsluvélbúnað fyrir kaffi, vatn og djús auk tes, sykurs og annarrar rekstrarvöru sem til þarf. Auk þess hefur Selecta upp á að bjóða úrval matvöru fyrir gesti í morgunmat.

Einn af lykilþáttum starfsemi Selecta er að þjónustufulltrúar þess heimsækja viðskiptavini reglulega og afgreiða pantanir beint úr bílnum. Ef viðskiptavin vantar skyndilega kaffi og tengdar vörur þá er ávallt hægt að treysta því að sölumenn Selecta eru ekki langt undan og bregðast hratt og örugglega við.

Selecta þjónustar og rekur sjálfsala fyrir heita og kalda drykki, sælgæti, snarl og samlokur í samstarfi við mörg fyrirtæki. Þar sem sjálfsalar Selecta eru staðsettir sjá þjónustumenn að öllu leyti um reksturinn.

Á vefsíðunni www.selecta.is má kynna sér nánar þjónustu Selecta og fá tilboð í drykkjarlausnir fyrir vinnustaði.

selecta
S: 5 85 85 85

## UMSAGNIR VIÐSKIPTAVINA

„**Ef ætti** að taka saman í fáum línum upplifun okkar á þjónustu og vörum Selecta myndi ég segja, skjót og góð þjónusta, aldrei vandamál og flott vara!"

*Kristín Sjöfn og Jóhann Úlfars, Icelandair*

„**Hér í** HR erum við í töluverðum viðskiptum við Selecta og er þjónustan frá þeim til fyrirmyndar. Mjög gott að eiga við þá samskipti og alltaf eru öll mál leyst með hraði og gleði. Þannig að ég er mjög ánægð með þjónustuna frá Selecta."

*Ýr Gunnlaugsdóttir, Háskólinn í Reykjavík*

„**Framúrskarandi**, traust og góð þjónusta."

*Olga Ingólfsdóttir, KPMG á Íslandi*








Vaktavinna hefur truflandi áhrif á líkamsklukkuna.

# *Áhrif birtu á vaktavinnu*

Vaktavinna hefur truflandi áhrif á líkamsklukkuna og margir hafa velt því fyrir sér hvernig haga megi vöktum þannig að þær valdi sem minnstum óþægindum hjá vaktavinnufólki. Á vef Vinnueftirlitsins, www.vinnueftirlit.is, er hægt að fá svör við ýmsum spurningum. Þangað er hægt að senda spurningar, en ein slík undir flipanum „spurt og svarað“ hljómar svona: „Dregur bjart ljós úr slæmum áhrifum vaktavinnu?“

Í stuttu máli er svarið já. Er vísað þar til greinar sem birtist í Scandinavian Journal of Work Environment & Health um áhrif bjarts ljóss á óþægindi sem tengjast vaktavinnu. Niðurstöður rannsakenda voru þær að skammvinn, regluleg birtumeðferð bætti líðan kvenna sem ynnu vaktavinnu.

Þátttakendur í rannsókninni voru sjálfboðaliðar, hjúkrunarfræðingar á fjórum sjúkrahúsum í suðurhluta Finnlands. Þeir voru látnir taka sér tuttugu mínútna hvíld reglulega fjórum sinnum á hverri vakt og voru þá baðaðir afar sterku ljósi; lamparnir voru staðsettir í augnhæð og gáfu frá sér 5.000 luxa birtu.

Meginniðurstöður rannsóknarinnar voru að birtumeðferð af þessu tagi drægi úr óþægindum og yki vellíðan meðal kvenna, einkum meðal þeirra sem fyndu til árstíðabundinna skapsveiflna og vanlíðunar. Niðurstöðurnar voru í samræmi við það sem aðrir höfðu áður séð, en ýmsir höfðu þá beitt lengri birtumeðferð hverju sinni. Stutt birtumeðferð hefði þann kost að unnt væri að koma henni að innan venjulegra vakta, en fæstir hefðu aðstæður til að sitja tímunum saman í meðferð á meðan á vinnutíma stæði.

# Brostu til vinnufélaganna

**Stórum hluta lífs okkar eyðum við í vinnunni og því skiptir máli að hafa gaman af starfinu. Til að líða vel í vinnunni er gott að hafa eftirfarandi atriði í huga.**



Ef þér finnst þú ekki geta þroskað hæfileika þína í vinnunni skaltu íhuga annað starf.
NORDICPHOTOS/GETTY

### 1. Vertu viss um að starfið henti þér.

Fyrsta skrefið til að bæði þér og fólkinu í kringum þig líði vel í vinnunni er að þér líki við starfið. Vertu viss um að þig langi í stöðuna áður en þú sækir um og þú getir hugsað þér að sinna starfinu um lengri tíma.



Brostu til samstarfsfólks þíns, það skilar sér í betri líðan á vinnustað.
NORDICPHOTOS/GETTY

### 2. Vertu jákvæð(ur).

Vingjarnlegt viðmót skapar gott andrúmsloft. Brostu og náðu augnsambandi við vinnufélaga þína á göngunum og sýndu áhuga á þeirra málum. Vertu skemmtileg(ur), kvartaðu ekki og forðastu að slúðra.

### 3. Axlaðu ábyrgð.

Það er undir sjálfri/sjálfum þér komið hver frami þinn í starfi verður. Ekki dvelja í starfi þar sem þú nærð ekki að þroska hæfileika þína – það er ávísun á leiða og óyndi. Talaðu við yfirmanninn um hverju þú gætir bætt við þig og hvar kraftar þínir nýtast best. Ef það skilar ekki árangri ættirðu að íhuga að leita að annarri vinnu sem á betur við þig.

### 4. Eigðu samskipti við yfirmanninn

Talaðu reglulega við yfirmann þinn um væntingar hans til þín og láttu hann vita af markmiðum þínum og hvernig verkefnin þín standa. Þannig sýnirðu að þér er treystandi fyrir mikilvægum verkefnum.

### 5. Blandaðu geði

Eyddu tíma með vinnufélögunum utan vinnutíma. Skráðu þig í vinnustaðaliðið í fótbolta eða stingdu upp á leikjum til að leika í hádegishléinu. Haltu upp á afmæli og skipuleggðu íþróttakeppnir eða matarboð þar sem allir leggja í púkkið.

Fylgirðu þessum ráðleggingum ætti þér að þykja skemmtilegt að mæta í vinnuna á hverjum morgni. *Sjá www.lifeoptimizer.org*

# Stuttar boðleiðir og persónuleg ÞJÓNUSTA Í MP BANKA

**MP banki hefur frá stofnun lagt áherslu á persónulega þjónustu fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Stuttar boðleiðir, skjót ákvarðanataka og góð þjónusta hefur að sögn Lárusar Sigurðssonar, útibússtjóra MP banka í Borgartúni, aukið markaðshlutdeild MP banka jafnt og þétt frá stofnun.**

Markmið bankans er að veita sem besta þjónustu og hafa allar boðleiðir sem stystar,“ segir Lárus Sigurðsson, útibússtjóri MP banka í Borgartúni, og bætir við að í markhópi bankans séu bæði fólk og fyrirtæki. Á fyrirtækjamarkaði er aðaláhersla lögð á lítil og meðalstór fyrirtæki ásamt því að vera viðskiptabanki númer tvö fyrir stærri fyrirtæki.

„Undanfarin tvö ár hefur MP banki byggt upp viðskiptabankastarfsemi sína með mjög góðum árangri og rekur bankinn nú tvö útibú, annað í Ármúla 13a, þar sem jafnframt eru höfuðstöðvar bankans, og hitt í Borgartúni 26, auk öflugs þjónustuvers og netbanka. Við leggjum okkur fram um að þekkja fyrirtækin sem eru hjá okkur. Starfsemi og stærð þeirra er eins misjöfn og þau eru mörg. Allt frá einstaklingsrekstri upp í fyrirtæki með hundruð starfsmanna í mörgum löndum.“

MP banki býður upp á fjölbreytta þjónustu, m.a. ávöxtun innlána, gjaldeyrisviðskipti, kredit- og debetkort, innheimtuþjónustu og fjármögnun fyrirtækja. Fjármögnun getur m.a. tekið til endurfjármögnunar eldri skulda, endurskipulagningar eða fjármögnunar fyrir fyrirtæki sem eru að koma ný inn á markaðinn.

„Frá því við komum inn á markaðinn höfum við lagt mikið upp úr því að halda því góða orðspori sem bankinn hefur áunnið sér. Fyrirtæki í dag þurfa á því að halda að ákvarðanataka innan bankanna sé skjót og að svör fáist skjótt og vel. Við höfum starfsfólk sem er mjög reynt á þessu sviði og er meðalstarfsaldur starfsmanna á viðskiptabankasviði í kringum tuttugu ár og því býr það að mikilli reynslu og þekkingu.“

Lárus leggur áherslu á að það sé auðvelt að skipta um banka og að það eigi ekki að vera hindrun fyrir neinn. „Þegar fyrirtæki hefur tekið ákvörðun um að færa viðskipti sín til MP banka aðstoða viðskiptastjórar okkar við viðskiptaflutninginn og gera hann eins auðveldan og mögulegt er,“ segir Lárus að lokum.




„Þegar fyrirtæki hefur tekið ákvörðun um að færa viðskipti sín til MP banka aðstoða viðskiptastjórar okkar við viðskiptaflutninginn og gera hann eins auðveldan og mögulegt er,“ segir Lárus Sigurðsson, útibússtjóri MP banka í Borgartúni.
MYND/GVA

# Frumkvæði og umhyggja fyrir viðskiptavinum

**Vodafone leggur sig fram um að veita góða þjónustu á fyrirtækjamarkaðnum enda samkeppnin hörð. Á meðal viðskiptavina Vodafone eru mörg af stærstu fyrirtækjum landsins og sveitarfélög.**

Þjónusta við fyrirtæki þarf að vera persónuleg og það er okkar hlutverk að laga okkur að þörfum þeirra. Okkar sérstaða hefur falist í sérsniðnum fjarskiptalausnum fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og okkur er mikið í mun að standa okkur vel,“ segir Jóhann Másson, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Vodafone. Hann segir hlutdeild Vodafone á fyrirtækjamarkaði hafa vaxið jafnt og þétt undanfarin ár og staðan sé mjög sterk. „Mörg af stærstu fyrirtækjum og stofnunum landsins hafa valið okkur; orkufyrirtæki, bankar, tryggingа- og olíufélög, smásölurisar og sex af sjö stærstu sveitarfélögum landsins svo dæmi séu nefnd. Okkur þykir vænt um að mikilvægar stofnanir í samfélaginu treysti okkur fyrir svo mikilvægum þætti í sinni starfseminni,“ bætir hann við.

### Krónísk sjálfsskoðun

Jóhann segir það skipta miklu máli, að fyrirtæki sem þjónusta önnur haldi sér á tánum og sofni aldrei á verðinum. „Samkeppnin á fjarskiptamarkaðnum er hörð og ef við stöndum okkur ekki, þá er viðbúið að viðskiptavinirnir leiti annað. Við getum ekki leyft okkur neina sjálfumgleði og þurfum stöðugt að skoða okkar vinnulag í þeim tilgangi að bæta þjónustuna. Með krónískri sjálfsskoðun og vilja til að gera alltaf betur getum við eignast ánægðustu viðskiptavini á Íslandi og það er markmiðið sem drífur okkur áfram,“ segir Jóhann. „Liður í því er að bjóða þjónustu í takt við þarfir viðkomandi viðskiptavinar óháð atvinnugrein og stærð“

### Tækifæri í breyttum aðstæðum

Rekstrarumhverfi fyrirtækja á Íslandi hefur um margt verið erfitt á undanförnum árum. Jóhann segir þá staðreynd koma fram með ýmsum hætti. „Fyrirtæki leggja nú meira upp úr því en áður að fjarskiptakostnaðurinn sé gegnsær og starfsmenn þeirra geti ekki stofnað til óvænts kostnaðar. Við höfum komið til móts við þær þarfir með því að bjóða fast verð fyrir tiltekna þjónustu, þar sem notkun er innifalin í föstu mánaðarlegu gjaldi. Það hefur mælst vel fyrir, auk þess sem við aðstoðum fyrirtæki við að hagræða með öðrum hætti. Við reynum að finna hagkvæmustu þjónustuleiðina fyrir hvert og eitt þeirra og getum boðið margvíslegar lausnir. Til dæmis hafa stór og smá fyrirtæki hætt rekstri á eigin símstöðvum og falið okkur að annast þá hlið rekstrarins gegnum svokallað Símaský Vodafone. Þar er í rauninni um að ræða hýsta stafræna símstöð (online), sem er rekin í okkar kerfum og viðskiptavinurinn þarf ekki að fjárfesta í dýrum búnaði með tilfallandi rekstrarkostnaði.“

### Traust er forsenda fyrir góðu viðskiptasambandi

Jóhann segir mikilvægt að sýna frumkvæði í þjónustu við fyrirtæki, í stað þess að bíða eftir því að þau hafi samband. „Við lítum svo á að það sé sameiginlegur hagur okkar og viðskiptavina að þeir fái góða þjónustu á sanngjörnu verði, að viðskiptin séu gagnsæ og fyrirtæki noti þær þjónustuleiðir sem henta þeim best. Þannig skapast heilbrigt og gott viðskiptasamband sem báðir aðilar njóta góðs af til langs tíma.“




Jóhann segir mikilvægt að sýna frumkvæði í þjónustu við fyrirtæki, í stað þess að bíða eftir því að þau hafi samband. MYND/GVA



Um 6.500 fyrirtæki um allt land eru í viðskiptum við Vodafone. Þeirra á meðal eru allir helstu neyðar- og viðbragðsaðilar landsins.

## *Vodafone: þar sem fagmennirnir versla*

Vodafone veitir fyrirtækjum og einstaklingum alhliða fjarskiptaþjónustu. Um 6.500 fyrirtæki um allt land eru í viðskiptum við Vodafone. Þeirra á meðal eru allir helstu neyðar- og viðbragðsaðilar landsins; Neyðarlínan, Landsbjörg, Landspítalinn, Landhelgisgæslan og fleiri.

Tíu af tuttugu stærstu fyrirtækjum landsins hafa valið Vodafone og sex af sjö stærstu sveitarfélögunum. Jóhann Másson, framkvæmdastjóri hjá Vodafone, segir þá staðreynd tala sínu máli um getu og þjónustulund Vodafone. Fyrirtækið hefur mikla reynslu af að sérsníða lausnir fyrir stærri fyrirtæki og nýtir þá þekkingu við að byggja upp þjónustuleiðir fyrir minni fyrirtæki.

Vodafone einfaldar hlutina með hagkvæmum og öruggum lausnum fyrir hvert fyrirtæki. Með réttri nálgun og markvissri ráðgjöf fyrir-tækjasviðs Vodafone gætir þú mögulega lækkað fjarskiptakostnað þíns fyrirtækis verulega.

Hafðu samband við fyrirtækjaþjónustu Vodafone í síma 599-9500 eða sendu póst á firma@vodafone.is og Vodafone finnur lausn sem hentar þínu fyrirtæki.



# Skógafoss tvöfaldar flutningsgetu Eimskips til og frá Norður-Ameríku

**Nýtt skip sem heitir Skógafoss hefur bæst í skipaflota Eimskips. Það er í förum milli Íslands og Norður-Ameríku og með tilkomu þess tvöfaldast flutningsgeta Eimskips á þeirri siglingaleið.**

Við tókum nýtt skip í þjónustu okkar í sumar til að styrkja siglingakerfi félagsins á Norður-Atlantshafi og auka þar með þjónustuna við viðskiptavini okkar. Nýja skipið tekur 700 gámaeiningar og fékk nafnið Skógafoss,“ segir Matthías Matthíasson, framkvæmdastjóri sölu- og viðskiptaþjónustu Eimskips. Hann segir Skógafoss vera í siglingum milli Íslands og Norður-Ameríku, með viðkomu í Everett í nágrenni Boston og á Nýfundnalandi. „Þetta er hrein viðbót við flutningsgetu okkar á þessari leið því áður var Reykjafoss með áætlun á sömu leið og heldur því áfram,“ segir Matthías. En hvað er helst verið að flytja á þessari leið? „Það er fiskur að miklu leyti, sem er verið að flytja bæði frá Nýfundnalandi til Evrópu og frá Íslandi til Boston og svæðisins þar í kring. Einnig eru flutningar vegna stóriðjuframkvæmda á Nýfundnalandi. Þar er verið að byrja á stórri vatnsaflsvirkjun og svo er þar námuvinnsla og stóriðja. Það er því mikil eftirspurn eftir flutningsgetu milli Nýfundnalands og Evrópu sem við náum að tengja gegnum Ísland. Vatnsútflutningur hefur líka verið að aukast vestur um haf.“

Matthías vekur líka athygli á Eport-þjónustuvefnum hjá Eimskip, sem hann segir byltingu í bættri þjónustu við viðskiptavini fyrirtæksins. Hann er beðinn að lýsa því fyrirbæri nánar. „Eport má líkja við heimabanka. Það er síða sem viðskiptavinir okkar fara inn á með aðgangsorði og þar getur fólk skoðað allar upplýsingar um sendingarnar sínar, séð hvar þær eru staddar, fylgst með bókunum og skoðað reikningsstöðuna. Síðan er mjög notendavæn og við höfum fengið mjög jákvæð og góð viðbrögð frá viðskiptavinum okkar með hana. Enda fer þeim viðskiptavinum sem nýta sér Eport ört fjölgandi.“



Mikil eftirspurn er eftir flutningsgetu milli Nýfundnalands og Evrópu vegna stóriðjuframkvæmda vestra, að sögn Matthíasar Matthíassonar framkvæmdastjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Ameríkuleið I
Ameríkuleið II
CTG leið Eimskips
Leið samstarfsaðila
Suðurleið
Norðurleið
Austurleið

**Aukin þjónusta Eimskips um Norður-Atlantshaf**

Styttra á milli ferða – meiri flutningsgeta

Eimskip hefur styrkt leiðakerfi sitt á Norður-Atlantshafi. Nýtt skip hefur bæst í flotann og eru nú tvö skip í siglingum til Norður-Ameríku í stað eins áður. Með þessu fjölgar ferðum og við bætast nýir áfangastaðir, sem bætir þjónustu enn frekar við viðskiptavini félagsins.

EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM

Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.eimskip.is




Einn af 49 starfsmönnum Eimskips á skrifstofu félagsins í Rotterdam.

## *Þjónusta viðskiptavini sína af alúð og ánægju*

Nýrri þjónustustefnu Eimskips var nýlega hleypt af stokkunum en hún var unnin og mótuð af framlínufólki hjá Eimskipi, að sögn Matthíasar Matthíassonar framkvæmdastjóra sölu- og viðskiptaþjónustu. Þjónustustefnan byggir því á verðmætri reynslu þeirra sem standa í stafni við þjónustu viðskiptavina Eimskips. Markmið hennar er að veita ávallt framúrskarandi þjónustu af alúð og ánægju. Þar skulu gildi Eimskips sem eru árangur, samstarf og traust höfð að leiðarljósi.

„Innleiðing nýju þjónustustefnunnar verður unnin jafnt og þétt og við leggjum mikla áherslu á að allir starfsmenn fyrirtækisins taki þátt og fái þannig sömu skilaboðin og skilning á okkar markmiðum,“ segir Matthías.

# Stærsta fasteignasafn landsins

Reitir er stærsta þjónustufyrirtæki landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Með eignasafn sem telur 400.000 fm. eru góðar líkur á að finna hentugt atvinnuhúsnæði hjá Reitum.

Reitir þjóna stórum og smáum fyrirtækjum sem og einstaklingum. Meðal helstu leigutaka í eignum Reita eru ríki og borg ásamt mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins.

Þar má nefna Hagkaup, Bónus, 10-11, Icelandair Hotels, Actavis, NTC, Landsbankann, Sjóvá, 365 miðla, Iceland Express og Eflu verkfræðistofu.

Í hópi starfsfólks Reita býr mikil reynsla og þekking við val á atvinnuhúsnæði. Þessari reynslu og þekkingu fylgir hátt þjónustustig við rekstur ólíkra fasteigna. Allar upplýsingar um laust húsnæði er að finna á www.reitir.is.



www.reitir.is

REITIR

*Vönduð umgjörð fyrir vinnandi fólk*





# HVATAFERÐIR OG HÓPEFLI

**Góð samstaða** og andi meðal starfsfólks eru mestu verðmæti fyrirtækja. Því skal huga að því að viðhalda andanum með ýmsum hætti. Til dæmis eru teiti tilvalin til að lyfta skapinu en einnig er hægt að gera margt annað þar sem ekki er haft vín um hönd. Til dæmis eru golfmót fyrirtækja ávallt vinsæl en einnig má skipuleggja veiðiferðir, hestaferðir eða jafnvel skella öllum hópnum í magadans.

Ýmis fyrirtæki bjóða upp á hópefli og hvataferðir. Hópefli er notað til að auka samheldni innan hóps, bæta traust og fá vinnufélaga til að upplifa hver annan í nýju ljósi. Þá er gjarnan fléttað saman samvinnuþrautum og fyrirlestrum. Hvataferðir eru einnig vinsælar. Tilgangurinn er sá sami, að auka þekkingu, skemmta starfsfólki og byggja upp liðsheild.



**GOTT VINNUUMHVERFI SKIPTIR MÁLI** Afköst í vinnu eru vafalaust mun meiri hjá fólki sem líður vel í vinnuumhverfi sínu en því sem líður illa. Því er nauðsynlegt fyrir vinnuveitendur að skoða vel hvernig best megi hlúa að starfsmönnum sínum.



**Hávaði** Ef hávaði á vinnustað er verulegur er gott að fá matsmann til að mæla hávaðann til að sjá hvort hann er innan marka. Mikill og viðvarandi hávaði getur skaðað heyrn og auk þess aukið á streitu. Til eru ágætar lausnir til að minnka hávaða, til dæmis að útvega starfsmönnum eyrnahlífar og láta starfsmenn skiptast á að vinna á hávaðasömum hlutum vinnusvæðisins.

**Loftræsting** Ferskt loft er afar mikilvægt. Bæði fyrir betri öndun, til að koma í veg fyrir of mikinn hita og til að tryggja minni mengun í loftinu.

**Hiti** Gott er að koma fyrir hitamælum á vinnusvæðum til að fylgjast með hvort vinnuumhverfið er of heitt eða kalt. Þegar unnið er í köldu umhverfi ættu starfsmenn að fá viðeigandi hlífðarklæðnað frá vinnuveitendum.



**Lýsing** Lýsing er mikilvægari en margir halda. Blikkandi flúorljós geta ært óstöðugan, of dimm ljós geta reynt um of á augun og of björt lýsing veldur sumum höfuðverk.

**Streita** Margvíslega streituvalda er að finna í vinnuumhverfi fólks. Streita getur orðið vegna álags, vinnuhraða, endurtekninga og tilbreytingarleysis. Streituvaldar eru persónubundnir en vinnuveitendur skyldu vera vakandi fyrir þeim og leysa úr ef möguleiki er.

**BRÚÐUHEIMAR** BORGARNESI











# GERÐU DAGINN **EFTIRMINNILEGAN!**

Brúðuheimar bjóða upp á frábæra aðstöðu til að taka á móti stórum sem smáum hópum. Ævintýralegt umhverfi við sjóinn gerir daginn að eftirminnilegri upplifun.

Við setjum saman þína dagskrá, s.s. leiksýningu, leiðsögn um safnið, gönguferðir og fræðslu. Fallegur veitingastaður við sjávarströndina með útiverönd og góð fundaraðstaða.

Hafðu samband í síma 530 5000 eða á hildur@bruduheimar.is
**og við setjum saman ævintýrið þitt!**

BRÚÐUHEIMAR eru staðsettir á sérstökum stað í Borgarnesi sem ber heitið Englendingavík. Húsin þjónuðu á árum áður Kaupfélagi Borgfirðinga en voru búin að standa auð í langan tíma. Þau hafa nú öll verið endurnýjuð af mikilli natni.

BERND OGRODNIK brúðugerðameistari hefur til fjölda ára glatt Íslendinga með leiksýningum sínum, bæði fyrir börn og fullorðna. Meðal sýninga hans eru Umbreyting, Pétur og úlfurinn, Einar Áskell og nú síðast Gilitrutt.

Skúlagata 17 Borgarnesi Sími 530 5000 **bruduheimar.is**

BRÚÐUHEIMAR
*Center for Puppetry Arts*




Helene er frönsk en flutti til Íslands árið 1995. Hér er hún með peysuna sem henni tókst að mestu að klára á einum degi á leið sinni yfir Fimmvörðuháls. Brúðan Henrietta er dæmi um frekari afrakstur úr ferðinni en uppskrift að henni má finna á prjonakerling.is.

# Gengið og prjónað

**Hélène Magnússon var að koma úr prjónaferð á Fimmvörðuhálsi og afrekaði það að prjóna heila peysu á leiðinni. Uppskriftin verður birt í bandarísku prjónabókinni Sweaters From Around the World á næsta ári.**

Sigurður Flosason saxófónleikari hefur verið afkastamikill í plötuútgáfu undanfarin ár og hefur ráðist í mjög ólík verkefni, m.a. spunakonserta með Sinfóníuhljómsveit Íslands, stórsveitartónlist og margs konar annan djass.

Sigurður semur öll lögin og nokkra texta á fyrstu plötu hljómsveitarinnar Sálgæslan, Dauði og djöfull, en Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson á aðra texta. Nafn hljómsveitarinnar vísar í sálartónlist, en á Dauða og djöfli mætast sálartónlist, blús og djass. Hljómsveitin er sérvalin fyrir þetta verkefni. Um sönginn sjá Andrea Gylfadóttir, ókrýnd blúsdrottning Íslands, og sálarkóngurinn Stefán Hilmarsson. Hljóðfæraleikurinn er í höndum trommuleikarans Einars Scheving, Þóris Baldurssonar sem leikur á Hammond, og Sigurðar sjálfs sem spilar á saxófóna. Auk þeirra koma nokkrir aðstoðarmenn við sögu, m.a. Andrés Þór Gunnlaugsson gítarleikari, Ari Bragi Kárason trompetleikari og Bergur Þórisson básúnuleikari.

Eins og áður segir er tónlistin á Dauða og djöfli sambland af sálartónlist, blús og djassi. Titillagið sem platan hefst á er t.d. hraður sálarsmellur, lag númer tvö er hreinræktaður blús, þriðja lagið er poppskotin ballaða með hóflegri strengjaútsetningu og það fjórða er léttleikandi sveifla. Og þannig dansar platan á mörkum fyrrnefndra tónlistarstefna, sem eru auðvitað náskyldar. Flest laganna fjórtán gætu hafa verið samin í Bandaríkjunum fyrir hálfri öld eða svo.

Það er klárlega ekki verið að brjóta blað tónlistarlega með Dauða og djöfli, en þetta er gæðatónlist flutt af tilfinningu og með tilþrifum. Fínar lagasmíðar og góður flutningur, bæði söngvara og hljóðfæraleikara gefa henni gildi. Aðdáendur Andreu og Stefáns ættu ekki að láta þessa plötu fram hjá sér fara.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Andrea Gylfadóttir, Stefán Hilmarsson og vel valinn hópur hljóðfæraleikara flytja frumsamda blúsa og sálartónlist af tilfinningu.


HENSON LAGERSALA
Aðeins í fjóra daga.
- fimmtudag 1. sept kl. 11-18 - föstudag 2. sept kl. 11-18
- laugardag 3. sept kl. 11-16 - mánudag 5. sept kl. 11-18
Staðsetning: Brautarholti 24
HENSON

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS / www.bioparadis.is / midi.is

MIÐVIKUDAGUR: ■ *ANDLIT NORÐURSINS* 18:00, 20:00, 22:00 ■ ANIMAL KINGDOM 17:50, 20:00, 22:10 ■ MARY & MAX 18:00 ■ HOWL 20:00 ■ MONSTERS 22:00 ■ *AGNES* 18:00 ■ *NORÐ VESTUR (66/23 NORTH WEST)* 20:00 ■ *DJÖFLAEYJAN (DEVIL'S ISLAND)* 22:00
ÍSLENSKUR TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES*

# ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA





**8.990**

**ADIDAS PUNTERO VI IN**
Innanhússkór.
**ADIDAS PUNTERO VI TF**
Gervigrasskór.



**4.490**

**ADIDAS ESS F LOGO TEE**
Stuttermabolur úr teygjanlegu CLIMALITE-efni með góðri öndun. Litir: Rauður, svartur. Herrastærðir.



**1.290**

**ADIDAS MINI MAX LITE**
Boltapumpa með 2 nálum.



**2.990**

**ADIDAS SPEEDCELL GLIDE**
Fótbolti.



**8.990**

**ADIDAS STANFORD M**
Íþróttabuxur úr CLIMALITE-efni með góðri öndun. Herrastærðir.



**12.990**

**ADIDAS 3S FULLZIP HOOD**
Rennd hettupeysa úr 80% bómull og 20% polyester. Herrastærðir.

## KLÚBBTILBOÐ

**GLÆSILEGT TILBOÐ TIL KLÚBBFÉLAGA!**

CLUB INTERSPORT



**PRO TOUCH BERLIN**
Inniskór. Stillanleg vídd yfir ristina.
Stærðir: 36-46.

**1.990**
(fullt verð 2.990)



**8.490**

**AST VP2 MYSUPRÓTEIN**
908 g af hreinu og öflugu mysupróteini til uppbyggingar vöðva.



**490**

**INTERSPORT VATNSBRÚSI**
Brúsi fyrir 1 l af vökva.

# INTERSPORT

AKUREYRI / BÍLDSHÖFÐA / LINDUM / SELFOSSI / www.intersport.is

EXPO • www.expo.is

# sport

sport@frettabladid.is



**HARALDUR FREYR GUÐMUNDSSON** fyrirliði Keflavíkur, verður ekki meira með Keflvíkingum í Pepsi-deild karla á þessu tímabili því hann hefur gert samning til áramóta við norska félagið Start. Víkurfréttir sögðu frá þessu í gærkvöldi og þar kom einnig fram að knattspyrnudeild Keflavíkur hafi haldið krísufund um framtíð Willums Þórs Þórssonar þjálfara liðsins sem fær samkvæmt heimildum vf.is að klára tímabilið en hættir síðan með liðið í haust.

Kiel vann Ofurbikarinn:

## Aron hetjan

**HANDBOLTI** Aron Pálmarsson skoraði sigurmarkið í gær þegar Kiel vann 24-23 sigur á Hamburg í árlegum leik meistaranna og bikarmeistaranna. Aron skoraði þrjú mörk í leiknum. Þetta er sjötti sigur Kiel í Ofurbikarnum og þar af í annað skiptið undir stjórn Alfreðs Gíslasonar. **-óój**


ATC- 7,5t
Malbikskassi
-tilboðsverð



- sala
- varahlutir
- þjónusta

- á lager

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is


# STÓÐUST STÓRA PRÓFIÐ

**Stjarnan tryggði sér fyrsta Íslandsmeistaratitil félagsins með því að vinna 3-0 sigur á Aftureldingu í gær fyrir framan tæplega 800 áhorfendur á heimavelli sínum. Stjarnan endaði fimm ára einokun Valskvenna á Íslandsbikarnum.**



**FYRSTI TITILLINN Í HÚSI** Stjörnukonur með fyrirliðann Gunnhildi Yrsu Jónsdóttur í fararbroddi fagna hér Íslandsmeistaratitlinum í leikslok í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FÓTBOLTI** Stjarnan tryggði sér fyrsta Íslandsmeistaratitil félagsins í meistaraflokki þegar kvennalið félagsins lagði Aftureldingu 3-0 á heimavelli sínum í Garðabæ.

Þrátt fyrir að hafa aldrei unnið titilinn áður tókst Stjörnunni að stilla spennustigið vel og hóf liðið leikinn af krafti og fékk nokkur fín færi snemma leiks. Þegar hvert færið á fætur öðru fór forgörðum dró af liðinu en Stjarnan fékk óskabyrjun í seinni hálfleik.

„Við spiluðum við lið með mikið sjálfstraust og markvörðinn í banastuði. Þetta var erfið fæðing og við nýttum færin illa í kvöld," sagði Þorlákur Árnason þjálfari Stjörnunnar í leikslok.

Eftir að hafa komist yfir í upphafi seinni hálfleiks var aldrei spurning hvoru megin sigurinn myndi lenda þó Stjarnan hafi ekki gert út um leikinn fyrr en tvær mínútur voru til leiksloka.

„Seinni hálfleikur var góður. Við héldum áfram og fengum fullt af færum en þegar annað markið kemur þá var þetta búið. Mér fannst við spila vel í seinni hálfleik. Við létum stress ekki hafa áhrif á okkur, ég er mjög ánæður með það," sagði Þorlákur.

Stjarnan hefur leikið liða best í sumar og er vel að titlinum komin enda með sjö stiga forystu á Val þegar enn eru tvær umferðir eftir. Liðið hefur leikið liða best í sumar og unnið 15 af 16 leikjum sínum en Þorlákur var ekki í vafa um hvað skóp titil Stjörnunnar.

„Það er fyrst og fremst hugarfar leikmanna. Markmiðssetningin hjá okkur tókst, við stefndum á þetta en fyrst og fremst hugarfar leikmanna gerir það að verkum að við unnum þennan titil," sagði Þorlákur sem gerði Stjörnuliðið að meisturum á sínu fyrsta ári. **-gmi**

## ÚRSLIT Í GÆR

### Pepsi-deild kvenna

**Þór/KA-Breiðablik 3-1**
1-0 Arna Sif Ásgrímsdóttir (2.), 2-0 Lára Einarsdóttir (47.), 2-1 Fanndís Friðriksdóttir, víti (51.), 3-1 Arna Sif Ásgrímsdóttir (90.)

**Grindavík-ÍBV 0-4**
0-1 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (16.), 0-2 Danka Podovac (36.), 0-3 Vesna Smiljkovic (39.), 0-4 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (58.)

**Valur-Þróttur R. 5-0**
1-0 Laufey Ólafsdóttir (15.), 2-0 Rakel Logadóttir (16.), 3-0 Rakel (45.), 4-0 Mist Edvardsdóttir (48.), 5-0 Málfríður Erna Sigurðardóttir (90.+3)

**Stjarnan-Afturelding 3-0**
1-0 Ásgerður Baldursdóttir, víti (48.), 2-0 Ashley Bares (88.), 3-0 Inga Birna Friðjónsdóttir (90.+2)

**Fylkir-KR 4-1**
1-0 Hrafnhildur Hekla Eiríksdóttir (11.), 1-1 Berglind Bjarnadóttir (28.), 2-1 Anna Björg Björnsdóttir (33.), 3-1 Lidija Stojkanovic (65.), 4-1 Fjóla Dröfn Friðriksdóttir (72.)

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjarnan | 16 | 15 | 0 | 1 | 45-13 | 45 |
| Valur | 16 | 12 | 2 | 2 | 47-12 | 38 |
| ÍBV | 16 | 9 | 3 | 4 | 35-11 | 30 |
| Fylkir | 16 | 8 | 2 | 6 | 26-26 | 26 |
| Þór/KA | 16 | 8 | 2 | 6 | 28-29 | 26 |
| Breiðablik | 16 | 6 | 2 | 8 | 27-32 | 20 |
| Afturelding | 16 | 4 | 3 | 9 | 15-34 | 15 |
| KR | 16 | 3 | 4 | 9 | 17-29 | 13 |
| Grindavík | 16 | 3 | 1 | 12 | 17-44 | 10 |
| Þróttur R. | 16 | 1 | 3 | 12 | 16-43 | 6 |

### 1.deild kvenna

**FH-Haukar 6-0 (14-1 samanlagt)**
Bryndís Jóhannesdóttir 2, Sigrún Ella Einarsdóttir 2, Jóhanna Gústavsdóttir Berglind Arnardóttir.

**Selfoss-Keflavík 6-1 (8-4 samanlagt)**
Guðmunda Brynja Ólad. 2, Guðrún Arnarsdóttir, Anna María Friðgeirsd., Katrín Ýr Friðgeirsd., Eva Lind Elíasd.r -Agnes Helgadóttir.

**FH og Selfoss** komin upp í Pepsi-deild kvenna. Upplýsingar um markaskorara eru að hluta til fengnar frá vefsíðunni fótbolti.net.






**BLÓM EN ENGINN BIKAR** Stjörnustúlkur fengu ekki Íslandsbikarinn afhentan í gær en hér taka Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir og Soffía Arnþrúður Gunnarsdóttir við blómvendi í leikslok. Þær fá bikarinn í síðasta heimaleik sumarsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Soffía Arnþrúður Gunnarsdóttir sigurreif í leikslok:

# Við erum með besta liðið á landinu

**FÓTBOLTI** „Við lögðum ansi mikið á okkur og loksins náum við að uppskera eins og við sáðum, þetta er ljúft. Það er fullkomið að ná að landa titlinum á heimavelli,“ sagði sigurreif Soffía Arnþrúður Gunnarsdóttir eftir að hafa landað Íslandsmeistaratitlinum með Stjörnunni í gær.

„Við sköpuðum okkur fullt af færum í fyrri hálfleik en náðum ekki að klára þau. Það var smá stress á liðinu og smá taugaveiklun. Við töluðum saman í hálfleik, róuðum taugarnar og kláruðum þetta.“

„Við spiluðum með þriggja manna vörn í fyrri hálfleik sem mér fannst mjög gaman. Við náðum að pressa á þær en náðum aldrei að klára á síðasta þriðjungnum. Svo kláruðum við þetta í seinni hálfleik. Þetta er svo einfalt, þetta snýst bara um að koma boltanum í netið og við gerðum það,“ sagði Soffía og bætti við, „við erum með besta lið á landinu eins og staðan er núna, það er á hreinu.“ -gmi



**GUNNLEIFUR** Missir af landsleikjum við Noreg og Kýpur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gunnleifur Gunnleifsson:

# Lofar því að ná KR-leiknum

**FÓTBOLTI** Gunnleifur Gunnleifsson, markvörður FH og íslenska landsliðsins meiddist í tapleiknum á móti Stjörnunni og varð að segja sig úr landsliðshópnum. Hann hefur sett stefnuna á það að koma til baka eftir landsleikjahléið.

„Við skulum vona að tímabilið sé ekki í hættu. Þetta eru smá meiðsli sem ég er búinn að vera að eiga við í gegnum tíðina. Þetta kemur bara upp á vondum tíma,“ sagði Gunnleifur en hann er að glíma við meiðsli í baki. „Ég hef lent í þessu áður og kann að vinna með þetta en ég var pínu óheppinn að þetta skuli hafa komið upp,“ sagði Gunnleifur.

„Það er ömurleg tímasetning á þessu að þurfa fara út af í stöðunni 0-1 í svona mikilvægum leik í deildinni. Svo missir maður landsleikina sem er hryllilegt,“ sagði Gunnleifur en FH fékk á sig þrjú mörk á stuttum tíma eftir að hann fór út af.

„Ég ætla að gera allt sem ég get og verð klár í KR-leikinn. Ég skal lofa þér því að ég verð klár í KR-leikinn 11. september,“ sagði Gunnleifur að lokum. - óój

Stökktu til Tyrklands
Einstakt tækifæri
6. september - 11 nátta ferð
Frá aðeins kr.
109.900 með hálfu fæði
Frá kr. 109.900 m/hálfu fæði - kr. 119.900 m/„öllu inniföldu“
Heimsferðir bjóða ótrúlegt sértilboð á allra síðustu sætunum til Tyrklands 6. september í 11 nætur. Þú bókar flugsæti og gistingu og 3 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.
Gríptu tækifærið og bókaðu strax frábært frí á hreint ótrúlegum kjörum. Fjölbreytt önnur sértilboð í boði.
Kr. 109.900 - 11 nátta ferð
Verð m.v. 2 - 4 í herbergi / stúdíó / íbúð í 11 nætur.
Aukalega m.v. „allt innifalið“ kr. 20.000 fyrir fullorðna og kr. 10.000 fyrir börn.
Ath. - verð getur hækkað án fyrirvara.
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI ÍÞRÓTTIR
Meiri Vísir.
vísir

140.000.000
+1.060.000.000
00.000
Fyrsti vinningur stefnir í 140 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 1.060 milljónir.
Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is
VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 31. ÁGÚST 2011
A. 12 14 17 21 41 48
B. 05 16 23 36 37 38
C. 07 09 13 22 34 38
D. 03 06 19 24 25 31
E. 11 19 21 25 38 42
F. 01 25 35 36 39 46
G. 18 19 20 23 28 46
H. 22 27 29 39 40 42

> **Julianne Moore**

„Ég er í leit að sannleikanum. Áhorfendur koma ekki til þess að sjá leikara, heldur sjálfa sig.“

***Julianne Moore leikur í spennumyndinni Next, sem segir frá töframanni sem telur sig geta séð fyrir um framtíðina og fær alríkislögreglan hann til að aðstoða sig við að koma í veg fyrir yfirvofandi kjarnorkuárás hryðjuverkamanna. Myndin er sýnd á Stöð 2 Bíói kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ EIRÍKUR STEFÁN ÁSGEIRSSON SÁ SEXTÁN MÖRK Í HÁSKERPU Á EINUM DEGI

# *Gargandi snilld í unaðslegri háskerpu*

Því miður hafa íslenskir sjónvarpsáhorfendur fengið að kynnast háskerpusjónvarpi í of litlum mæli. Í dag eru aðeins tvær háskerpustöðvar í boði, Stöð 2 Sport og National Geographic, þrátt fyrir að allt það erlenda efni sem íslensku stöðvarnar fá á borð sé sýnt í háskerpu ytra. Það er vitaskuld aðeins tímaspursmál þar til útsendingar í háskerpu verða vaninn líka hér á landi en þangað til verðum við að láta okkur þessar tvær stöðvar duga.



Sem betur fer er óseðjandi knattspyrnuáhuga mínum vel þjónað af háskerpustöð Stöðvar 2 Sports því það er einfaldlega fátt sem toppar að sjá knattspyrnuleik í háskerpu. Vissulega er það betra ef leikurinn er góður og sem betur fer virðist nóg af þeim í boði.

Á sunnudaginn sat ég límdur við háskerputækið mitt og fylgdist með Manchester-liðunum tveimur slátra keppinautum sínum frá norðurhluta Lundúna, Arsenal og Tottenham, í ensku úrvalsdeildinni. Leikirnir voru ótrúlegir en samtals voru sextán mörk skoruð í þeim.

En að sjálfsögðu er eitthvað betra handan við hornið. Tækninni fleygir fram og nú þegar er byrjað að sýna frá knattspyrnuleikjum í þrívídd. Ég verð að viðurkenna að sú tilhugsunin að sitja heima, með þrívíddargleraugu á nefinu, yfir úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu er ansi spennandi.

Ég ætla þó ekki að gerast of kröfuharður og geri mér fulla grein fyrir því að sjálfsagt er ansi langt í að það verði að veruleika. En mér finnst ekki til of mikils ætlast að ég fái að njóta sjónvarpsþátta og kvikmynda í háskerpu, enda eru engin sjónvarpstæki seld í dag án þess að þau séu einmitt háskerputæki. Ég er líka orðinn svo góðu vanur úr boltanum.

## RÚV

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Loftslagsvinir** (4:10) Dönsk þáttaröð. Hvað er að gerast í loftslagsmálum? Og hvað getum við gert? Léttgeggjaði prófessorinn Max Temp og sonur hans velta fyrir sér ástandi jarðarinnar. (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix** (32:35)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (7:10)
**18.30 Gló magnaða** (6:10)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Læknamiðstöðin** (Private Practice)
**20.55 Galdrakarlinn í Oz** (The Wonderful Wizard of Oz - The True Story) Bresk heimildamynd um það hvernig sagan um galdrakarlinn í Oz varð til og um höfund hennar, L. Frank Baum.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Til eilífðar** (Into Eternity) Dönsk heimildamynd um kjarnorkuúrgang. Leikarinn Michael Madsen veltir því fyrir sér hvað verður um úrganginn í framtíðinni.
**23.40 Landinn** (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.40 Fréttir** (e)
**00.50 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 The Darwin Awards**
**10.00 Trading Places**
**12.00 Kirikou and the Wild Beasts**
**14.00 The Darwin Awards**
**16.00 Trading Places**
**18.00 Kirikou and the Wild Beasts**
**20.00 Next**
**22.00 The Cutter**
**00.00 Immortal Voyage of Captain Drake**
**02.00 Cemetery Gates**
**04.00 The Cutter**
**06.00 Get Smart**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (22:175)
**10.15 Cold Case** (10:22)
**11.00 Glee** (9:22)
**11.45 Grey's Anatomy** (20:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 In Treatment** (45:78)
**13.30 Gossip Girl** (18:22)
**14.20 Ghost Whisperer** (3:22)
**15.05 iCarly** (28:45)
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (24:24)
**19.40 Modern Family** (23:24)
**20.05 Borgarilmur** (2:8) Nýir og skemmtilegir ferðaþættir þar sem leikkonan Ilmur Kristjánsdóttir sækir heim átta vel valdar borgir sem allar eiga það sameiginlegt að vera mjög vinsælar á meðal Íslendinga þegar kemur að því að skella sér í helgarferð og leitast Ilmur við að veita betri innsýn í umræddar borgir.
**20.35 Hot In Cleveland** (7:10) Frábær- ir gamanþættir sem fjalla um þrjár frábærar vinkonur frá Los Angeles, rithöfundinn Melanie Morretti, augnabrúnasérfræðing stjarnanna, Joy Scroggs, og fyrrverandi sápuóperuleikkonuna Victoriu Chase.
**21.00 Cougar Town** (7:22)
**21.25 Off the Map** (13:13)
**22.10 True Blood** (6:12)
**23.00 Sex and the City** (19:20)
**23.30 The Closer** (5:15)
**00.15 The Good Guys** (5:20)
**01.00 Sons of Anarchy** (5:13)
**01.45 Two Weeks**
**03.20 Ne le dis à personne**
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Þýski handboltinn: Hamburg - Kiel** Útsending frá leik HSV Hamburg og TSW Kiel um ofurbikarinn (Super Cup) í þýska handboltanum. Hamburg varð þýskur meistari sl. vor en Kiel bikarmeistari.
**18.05 Þýski handboltinn: Hamburg - Kiel** Útsending frá leik HSV Hamburg og TSW Kiel um ofurbikarinn (Super Cup) í þýska handboltanum. Hamburg varð þýskur meistari sl. vor en Kiel bikarmeistari.
**19.35 Nánar auglýst síðar**
**20.25 Bremen - Anderlecht 1993** Þjóðverjar og Belgar hafa marga hildi háð á knattspyrnuvellinum. Leikur félaganna Werder Bremen og Anderlecht í Evrópukeppni meistaraliða er með þeim minnisstæðari. Fyrirfram var búist með jafnri viðureign þar sem varnarleikurinn yrði í hávegum hafður. Annað kom á daginn og mörkunum bókstaflega rigndi á Weserstadion í Brimarborg.
**22.10 Pepsi mörkin** Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi deild karla í knattspyrnu. Umsjónarmaður er Hörður Magnússon.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**14.40 WBA - Stoke** Útsending frá leik West Bromwich Albion og Stoke City í ensku úrvalsdeildinni.
**16.30 Liverpool - Bolton** Útsending frá leik Liverpool og Bolton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni.
**18.20 Newcastle - Fulham** Útsending frá leik Newcastle United og Fulham í ensku úrvalsdeildinni.
**20.10 Premier League Review 2011/12** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**21.05 Van Basten** Nu er röðin komin af Marco Van Basten sem af mörgum var talinn einn besti framherji heims.
**21.35 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**22.05 Sunnudagsmessan** Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og leikirnir krufðir til mergjar.
**23.20 Aston Villa - Wolves**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dynasty** (23:28) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.55 Being Erica** (2:12) (e)
**13.40 The Marriage Ref** (1:10) (e)
**14.25 Á allra vörum** (e)
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 How To Look Good Naked** (1:1) (e)
**19.00 Psych** (6:16) (e)
**19.45 Will & Grace** (4:24)
**20.10 Top Chef - LOKAÞÁTTUR** (15:15)
**21.00 Friday Night Lights** (2:13) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum. Þjálfarinn reynir að byggja upp liðsandann. Á sama tíma reynir Tim að finna sér samastað.
**21.50 The Bridge** (9:13)
**22.40 The Good Wife** (23:23) (e)
**23.25 Dexter** (11:12) (e)
**00.15 The Borgias** (1:9) (e)
**01.05 Will & Grace** (4:24)
**01.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 The Barclays** (2:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 The Barclays** (2:4)
**15.50 Ryder Cup Official Film 2004**
**17.05 The Future is Now** (1:1)
**18.00 Golfing World**
**18.50 Inside the PGA Tour** (34:42)
**19.20 LPGA Highlights** (12:20)
**20.40 Champions Tour - Highlights** (17:25)
**21.35 Inside the PGA Tour** (35:42)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (31:45)
**23.45 ESPN America**

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** (7:175)
**20.15 Gilmore Girls** (5:22) Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Bones** (22:23)
**22.30 Come Fly With Me** (3:6) Frábær ný gamanþáttaröð með bresku háðfuglunum Matt Lucas og David Walliams úr Little Britain. Hér bregða þeir sér í yfir 50 gervi og gera grín að öllu því sem fram fer á alþjóðlegum flugvelli þar sem ýmsir furðufuglar skjóta upp kollinum.
**23.00 Entourage** (9:12) Sjötta þáttaröð einnar mest verðlaunuðu þáttaraðar sem framleidd er um þessar mundir. Þáttaröðin er lauslega byggð á reynslu framleiðandans Marks Wahlbergs í Hollywood og fjallar um Vincent og félaga hans sem reyna að hasla sér völl í bíóborginni. Þessi þáttaröð fjallar meira um persónulegt líf þeirra félaga.
**23.25 Talk Show With Spike Feresten** (11:22) Spjallþáttur með Spike Feresten sem var einn af aðalhöfundum Seinfeld-þáttanna.
**00.10 Gilmore Girls** (5:22)
**00.55 The Doctors** (7:175)
**01.35 Fréttir Stöðvar 2**
**02.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Gestagangur hjá Randveri**
**20.30 Veiðisumarið** Aron, Bender og Leifur á veiðislóðum.
**21.00 Fiskikóngurinn** Kristján Berg elskar að elda fisk.
**21.30 Bubbi og Lobbi** Sigurður G og Guðmundur Ólafsson.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




# Pantaðu fría landslagsráðgjöf í dag!

Inga Rut Gylfadóttir og Björk Guðmundsdóttir, landslagsarkitektar FILA, hjálpa þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn þér að kostnaðarlausu.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söludeild Steypustöðvarinnar í síma

**4 400 400**

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2
221 Hafnarfjörður

Hrísmýri 8
800 Selfoss

Malarhöfða 10
110 Reykjavík

sími 4 400 400
www.steypustodin.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05

**Borgarilmur**



Ilmur Kristjáns heldur áfram ferðalagi sínu um heiminn og er nú komin til Washington, þar sem margar merkilegustu byggingar heimsins, minnismerki og nokkur frægustu söfn heims hafa búið sér heimili. Ilmur drekkur í sig sögu og listir þessa merka lands og sveiflar sér svo úr trjám.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Í boði náttúrunnar **14.00** Fréttir **14.03** Tónleikur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hver myrti Móleró? **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Stefnumót **20.00** Leynifélagið **20.30** Út um græna grundu **21.30** Kvöldsagan: Ofvitinn **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**11.15** Monarch of the Glen **12.10** Keeping Up Appearances **12.40** Dalziel and Pascoe **13.30** Dalziel and Pascoe **14.20** Deal or No Deal **14.55** Deal or No Deal **15.30** Deal or No Deal **16.05** Keeping Up Appearances **16.40** ‚Allo ‚Allo! **17.05** ‚Allo ‚Allo! **17.30** The Inspector Lynley Mysteries **18.20** The Inspector Lynley Mysteries **19.05** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** QI **21.15** Little Britain **21.45** My Family **22.15** Top Gear **23.05** The Graham Norton Show **23.50** QI **00.20** Little Britain **00.50** My Family

### DR 1

**10.10** Kontant **10.35** Dage i haven **11.05** Vores Liv **11.35** Aftenshowet **12.30** Hammerslag **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Kommissær Wycliffe **14.00** Thomas og hans venner **14.15** Carsten og Gittes Vennevilla **14.30** Shanes verden **15.00** Livet i Fagervik **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Så er der kaffe og heroin **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Damages **20.40** Damages **21.25** Onsdags Lotto **21.30** OBS

### NRK 1

**11.05** Herskapelig redningsaksjon **11.50** Kystlandskap i fugleperspektiv **12.00** Nyheter **12.05** Syndig nytelse **13.00** Nyheter **13.10** Dallas **14.00** Nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** Nyheter **15.10** Rock til fjells **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Nikolai Astrup **18.20** Luftens helter **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Valg 2011 **20.00** Kampen om Thamshavnbanen **21.00** Kveldsnytt **21.15** Mordene på Skärsö

### SVT 1

**10.45** Tack för musiken **11.45** Fiskaren i Oslofjorden **12.15** Cassandra's Dream **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** Engelska Antikrundan **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** The Hour **20.00** True Blood **20.50** Bored to Death **21.15** Damages **21.55** Rapport **22.00** Jag är min egen Dolly Parton **23.40** Rapport **23.45** Freezing **00.15** Tillfällets hjältar **00.45** Rapport


# SKRÁÐU ÞIG!

## *Ný námskeið að hefjast*

Komdu í hóp með þeim sem ná árangri. Þjálfun Dale Carnegie vísar þér leiðina til að njóta þín betur á meðal fólks, hafa góð áhrif á aðra og til að nýta hæfileika þína til fullnustu, hvort sem er í starfi eða í einkalífi. Á hverjum degi heyrir þú af fólki sem skarar fram úr í athafnalífinu, í stjórnsýslu, íþróttum, fjölmiðlum og á sviði menningar og lista. Margt af þessu fólki hefur sótt þjálfun Dale Carnegie.

## KOMDU Í ÓKEYPIS KYNNINGARTÍMA

### FIMMTUDAGINN 1. SEPTEMBER.

FULLORÐNIR KL. 20:00
UNGT FÓLK 16–25 ÁRA KL. 20:00
UNGT FÓLK 10–15 ÁRA KL. 19:00

**Komdu í Ármúla 11 og upplifðu Dale Carnegie á 60 mínútum.**

# 555 70 80

*Hringdu núna*





„Á námskeiði hjá Dale Carnegie haustið 2010 setti ég mér nokkur markmið sem miðuðu að því að koma knattspyrnufélaginu ÍA upp í efstu deild árið 2012. Ég lærði að skipuleggja mig betur, raunsæja markmiðasetningu, og að hlusta betur á skoðanir annarra. Ég er afslappaðri þegar ég tala á fundum. Námskeiðið ýtti við mér, efldi leiðtogahæfni mína og fékk mig til að hugsa út fyrir boxið við þjálfunina. Ég sé skýran árangur af Dale Carnegie námskeiðinu."

ÍA í Úrvalsdeild 2012.

*Þórður Þórðarson*
*Þjálfari knattspynufélags ÍA.*

## FYRIR HVERJA ER DALE CARNEGIE?

Fyrir alla sem vilja:

- Ná fram því besta í fari sínu og verða sterkari leiðtogar
- Takast á við flóknar áskoranir
- Fleiri og betri hugmyndir
- Byggja upp traust sambönd
- Koma fyrir af fagmennsku
- Vera virkir á fundum
- Stjórna eigin lífi og taka ákvarðanir

DALE CARNEGIE© ÞJÁLFUN

Ármúla 11, 108 Reykjavík
Sími: 555 7080 | Fax 555 7081
www.dale.is



FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN





# STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval.
Þú færð meira af öllu á Vísi.

**Meiri Vísir.**

vísir

## SJÓNVARPSÞÁTTURINN



*„Það hefur nú heldur betur þróast í gegnum tíðina. Fyrst voru Prúðuleikaranir í uppáhaldi, svo varð ég stjörnuvitlaus í Star Trek: The Next Generation, Arrested Development, Sopranos og LOST. En ætli uppáhaldssjónvarpsþátturinn minn sé ekki Mad Men.“*

Dröfn Ösp Snorradóttir, slúðurblaðamaður og skartgripaföndrari 4949 hálsmenanna.

# Þrjár plötur og tveir söngleikir á árinu

Tónlistarmaðurinn Eyþór Ingi Gunnlaugsson hefur unnið að gerð þriggja ólíkra hljómplatna að undanförnu og hefur því haft í nógu að snúast.

Aðspurður segir hann það ekkert trufla sig að vera með marga bolta á lofti í einu. „Ég held að þetta sé skemmtilegra svona. Það eru minni líkur á að maður staðni í einhverju formi. Ég hef ekki áhuga á því,“ segir Eyþór Ingi, sem sló í gegn í þáttunum Bandið hans Bubba.

Hann sendi nýlega frá sér lagið „Þá kem ég heim“ sem er fáanlegt á Tónlist.is. Það verður að finna á fyrstu sólóplötu hans sem kemur að öllum líkindum út fyrir jólin. Hinar plöturnar tvær eru frumburður proggsveitarinnar Eldbergs, sem er nýkominn út, og nýjasta plata Todmobile þar sem Eyþór Ingi er orðinn fullgildur meðlimur. „Það er búið að vera ótrúlega skemmtilegt ævintýri,“ segir hann um tímann með Todmobile.

Auk vinnunnar við plöturnar þrjár hefur hann tekið þátt í tveimur söngleikjum á árinu. Fyrst í Rocky Horror og síðan í Hárinu sem verður sýnt áfram í Hörpunni í september. „Ég reyni að lifa á því að gera alltaf eitthvað nýtt, alveg sama hvað það er. Mér þykir vænt um öll verkefnin sem ég tek að mér en þetta sameinast allt í einu hjarta sem er þetta sólóalbúm sem er á leiðinni,“ segir hann.

Nýjustu fregnir af Eyþóri Inga og verkefnum hans má sjá á síðunni Facebook.com/eythoringimusic. -fb



**NÓG AÐ GERA** Eyþór Ingi hefur unnið við þrjár nýjar plötur að undanförnu.


NOTA LIFESTREAM TIL AÐ BÆTA ÁRANGUR MINN

- gefur mér aukið þol, laus við krampa og harðsperrur, flýtir endurheimt.




**Stefán Guðmundsson** læknanemi:
Margfaldur Bikar- og Íslandsmeistari í 3000 m hindrunarhlaupi.
Sigraði Powerade mótaröðina 2010 -11

lifestream™

www.celsus.is lífræn næring. - engin málamiðlun í gæðum

Útsölustaðir: Apótek, heilsubúðir, Krónan og Fríhöfnin.


KATLA MARGRÉT ÞORGEIRSDÓTTIR: LEIKUR HEL Í TEIKNIMYNDINNI ÞÓR

# Látin leika vondar konur af því ég er svo góð manneskja

„Ég er nú vön þessu, er yfirleitt fengin til að leika ráðríku, leiðinlegu og freku eiginkonuna,“ segir Katla Margrét Þorgeirsdóttir leikkona.

Búið er að skipa í helstu raddhlutverk teiknimyndarinnar Þórs sem frumsýnd verður seinna á þessu ári. Eins og Fréttablaðið hefur þegar greint frá mun Atli Rafn Sigurðarson tala fyrir þrumuguðinn en Laddi fyrir hamarinn hans, Mjölni. Katla Margrét verður hins vegar helsti óvinur Þórs, sjálf Hel sem reynir að gera Þór lífið leitt.

Árið hjá Kötlu virðist ætla að verða tileinkað vondum konum því hún leikur einnig illa innrættu nornina í uppfærslu Borgarleikhússins á Galdrakarlinum í Oz sem frumsýnd verður um miðjan september. „Þetta helgast af því að ég er svo góð. Ekki leikkona, heldur manneskja. Leikstjórar virðast álíta að þetta sé mikil áskorun fyrir mig að leika svona vondar konur,“ segir Katla Margrét og hlær. Hún segist ekki hafa sett sig í neinar stellingar í prufunum heldur hafi hún reynt að elta einhvern útlending sem hafði þegar talað inn á hlutverkið. „En ég var látin prófa nokkrar rullur.“

Það verður valinn maður í hverju rúmi í öðrum hlutverkum. Egill Ólafsson talar fyrir Óðin sem er æðstur allra ása og Örn Árnason mun tala fyrir hinn góðglaða Heimdall. Esther Talía Casey verður síðan í hlutverki Freyju, Þröstur Leó Gunnarsson verður stórvinur Þórs og Ágústa Eva Erlendsdóttir talar fyrir Eddu, aðra vinkonu Þórs.

Teiknimyndin Hetjur Valhallar: Þór er dýrasta kvikmynd sem Íslendingar hafa ráðist í að gera en hún er jafnframt fyrsta íslenska teiknimyndin í fullri lengd. Leikstjóri myndarinnar er Óskar Jónasson, handritshöfundur er Friðrik Erlingsson, útlitshönnuður er Gunnar Karlsson en það er teiknimyndafyrirtækið Caoz sem sér um framleiðslu hennar.

freyrgigja@frettabladid.is



**VOND Í ÁR** Katla Margrét Þorgeirsdóttir verður vond í ár en hún talar fyrir Hel í teiknimyndinni Þór og leikur vondu nornina í Galdrakarlinum í Oz.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Friðrik V hættur á Kexinu

„Það er engin dramatík í kringum þetta, við ætluðum alltaf að hafa þetta samstarf svona,“ segir Pétur Hafliði Marteinsson, einn eigenda veitinga- og gistihússins KEX.

Matreiðslumaðurinn Friðrik Valur Karlsson, eða Friðrik V, er hættur að elda í eldhúsi staðarins. Pétur segir matreiðslumanninn munu verða þeim innan handar við gerð matseðla. „Hann er algjör snillingur í að tala um mat og þessi ákvörðun var sameiginleg.“

Pétur segir að þeir ætli sér að ná enn betri tökum á svokölluðum kráarmat og að Friðrik verði þeim innan handar í þeirri nálgun. Matreiðslumaðurinn Tóti, sem áður var kokkur á Hótel Rangá og Einari Ben., hefur nú tekið við keflinu af Friðriki en Pétur tekur fram að ekki verði mikilla breytinga að vænta þrátt fyrir brotthvarf Friðriks. Fréttablaðið reyndi að ná í Friðrik í gær en án árangurs.

KEX Hostel hefur farið ákaflega vel af stað, gistiheimilið hefur verið þétt setið og þá hefur barinn slegið í gegn. „Þetta hefur gengið mjög vel og við hefðum bara ekki viljað hafa þetta betra,“ segir Pétur en athygli hefur vakið að stjórnurnar sem sinntu barþjónahlutverkinu fyrr á þessu ári eru flestar flognar á braut. „Rúnar Freyr var náttúrlega bara æskuvinur minn, við bjuggum í sömu blokkinni í Breiðholtinu og hann er núna byrjaður að æfa aftur fyrir eitthvert hlutverk. Björn Ingi Hilmarsson er síðan farinn aftur til Svíþjóðar þar sem hann býr. Við erum því bara búnir að ráða fólk í þeirra stað.“ - fgg



**ENGIN LEIÐINDI** Pétur Hafliði Marteinsson segir engin leiðindi vera á bak við brotthvarf Friðriks V af Kexinu en hann er hættur að kokka á veitingastað gistiheimilisins. Hér eru þeir Pétur og Kristinn Vilbergsson ásamt Friðriki V þegar Kexið opnaði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



GALDRAKARLINN í OZ
Viðskiptavinum í Vildarklúbbi Íslandsbanka býðst 25% afsláttur á fyrstu 15 sýningarnar
ef greitt er með greiðslukorti frá Íslandsbanka í miðasölu Borgarleikhússins
Forsala hefst í dag kl. 10!
Frumsýnt 17. september kl. 14
sun. 18/9 kl. 14
lau. 24/9 kl. 14
sun. 25/9 kl. 14
lau. 1/10 kl. 13
sun. 2/10 kl. 14
lau. 8/10 kl. 14
sun. 9/10 kl. 14
lau. 15/10 kl. 14
sun. 16/10 kl. 14
lau. 22/10 kl. 14
sun. 23/10 kl. 14
Tryggðu þér miða strax!
Íslandsbanki
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið
Fíton/SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Með breyttu sniði

Orðrómur hefur verið á kreiki um að eitt af andlitum Skjás eins, spjallþáttastjórnandinn **Sölvi Tryggvason**, hyggist yfirgefa skútuna. Það ku hins vegar ekki vera rétt samkvæmt dagskrárstjóra stöðvarinnar, Hilmari Björnssyni.



Þáttur Sölva verður aftur á móti með breyttu sniði. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður þáttunum fækkað en meira í þá lagt. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort tryggð verði haldið við nafnið Spjallið með Sölva.

### Miðstöðin opnuð

**Hermann Ingi Hermannsson**, sem tilkynnti í Fréttablaðinu í apríl síðastliðnum að hann hygðist opna Kabbalah-miðstöð í Reykjavík, sér draum sinn rætast á fimmtudag þegar miðstöðin verður opnuð formlega við Laugaveg 178.



Miðstöðin er sú fyrsta sinnar tegundar á Norðurlöndunum en þar verður hægt að kaupa vörur tengdar fræðunum, svo sem Kabbalah-vatn, Rauða þráðinn, bækur og fræðsluefni á DVD og hljóðdiskum. Þá ætlar Kabbalah-miðstöðin að standa fyrir opnum fræðslufundum. - fgg

## Mest lesið VÍSIR

1. Katrín Júlíusdóttir á von á tvíburum
2. Ákærður Júlli hyggst opna Drauminn á ný
3. Sigmundur Davíð grennist hratt - sex kíló farin
4. Neitaði að borga verndarfé
5. Kemur með meiri rigningu


Fólkið í landinu les Fréttablaðið




Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
18–49 ára á höfuðborgarsvæðinu.
Meðallestur á tölublað, apr.-jún 2011



